


2025 – 2026

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði

Austurvegur 6

400 Ísafjörður

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÝMSAR UPPLÝSINGAR	4
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2025-2026.....	4
NEFNDIR, RÁÐ OG TEYMI 2025-2026.....	4
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2025-2026	6
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2025-2026	8
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	8
SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.- 7. BEKKJA.....	9
1.BEKKUR	9
2. BEKKUR.....	122
3.BEKKUR	14
4.BEKKUR	17
5.BEKKUR	19
6.BEKKUR	22
7.BEKKUR	24
SKÝRSLUR 8. – 10. BEKKJA	27
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS.....	27
8. BEKKUR.....	28
9.BEKKUR	30
10. BEKKUR.....	32
STOÐÞJÓNUSTA	34
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐÞJÓNUSTU	34
SKÝRSLUR SÉRKENNARA	37
SKÝRSLUR ÞROSKAÞJÁLFA	40
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF.....	41
SÉRGREINAR.....	41
HEIMILISFRÆÐI	41
ÍÞRÓTTIR.....	44
HÖNNUN OG SMÍÐI.....	45
TEXTÍLMENNT	48
MYNDMENNT	50
ÝMSAR VALGREINAR.....	50
FAGTEYMI KENNARA.....	53
ÍSLENSKUTEYMI	53
UPPLÝSINGATÆKNITEYMI	53
UPPBÝGGINGARTEYMI	54
TEYMISKENNSLA.....	55
LÆSISTEYMI	56
LEIDSAGNARNÁMSTEYMI	57
INNRA MATSTEYMI.....	58
STÆRÐFRÆÐITEYMI.....	59
ÝMSAR SKÝRSLUR	59
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	59
SKÓLARÁÐ	60
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI OG LEIKSKÓLANS TANGA.....	60
STARFSMANNASAMTÖL	60

AÐKEYPT ÞJÓNUSTA	61
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	61
SAMVINNA OG TENGL VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS.....	61

Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í 23. skiptið. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er nú dreift til stjórnar foreldrafélagsins, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar og bókasafns skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á vefsíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa og varðveita upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í ársskýrslunni má meðal annars finna samantekt um starf umsjónarkennara, sérgreinakennara og annars starfsfólks með nemendum á skólaárinu.

Skólastarfið í vetur var fjölbreytt og skemmtilegt. Að venju hófst haustið á fjallgöngunum árganga, veðrið var eitthvað að stríða okkur þá eins og nú og þurfti að fresta nokkrum ferðum. Skólinn er aðildarskóli Erasmus+ sem gefur okkur færi á Evrópusamstarfi. Eitt verkefni er í gangi með skólum í Þýskalandi og Portúgal. Hópur frá skólanum heimsótti Frakkland í nóvember og núna í apríl fót annar hópur til Þýskalands

Í nóvember voru þemadagar yfirskriftin var Hafið og fjölluðu nemendur um það á fjölbreyttan hátt. Á veggjum skólans birtust ýmsar sjávarlífverur og fjölbreytt verkefni unnin, eins og að heimsækja sjávarútvegsfyrirtæki, kryfja fiska og margt fleira.

Í janúar var nemendapíng og í fyrsta skiptið tóku allir nemendur í skólanum þátt enda var umfjöllunarefnið virðing, samhugur og líðan í skólanum. Rætt var um hvað allir gætu gert til að stuðla að betri skólabrag. Nemendur í 9. og 10. bekk voru hópstjórar og aðstoðuðu yngstu börnin við að skrifa sínar hugsanir. Nemendaráð hafði svo yfirumsjón með flokkun og kynningu á niðurstöðum.

Eftir að hafa æft okkur í fyrra við að leggja fyrir Matsferil. Þá var skyldupáttaka á öllu landinu núna í mars. Við vorum vel undirbúin þegar koma að tæknipætti fyrirlagnarinnar sem hjálpaði okkur mjög mikið. Við munum því notað þær næsta haust til að vinna með þá þætti sem ekki komu nógu vel út.

Vordagarnir okkar hafa einnig verið fjölbreyttir, nokkur hefð er komin á það hvað árgangar gera 8. bekkur heimsækir Hrafnseyri og fræðist um Jón Sigurðsson, 9. bekkur fer í Haukadalinn á slóðir Gísla Súrssonar og 10. bekkur fer í Skagafjörðinn að leika sér í ferð sem foreldrar skipuleggja.

Með þessari upptalningu eru aðeins stiklað á stóru og ljóst að skólaárið var farsælt, öflugt og ánægjulegt í marga staði. Skólaárinu lauk svo með hátíðlegri athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem skólanum var slitið í 151. sinn föstudaginn 5.júní og nemendur í 10. bekk útskrifaðir.

Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri

Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2025-2026

Skólastjóri	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga Sigfríður Snorradóttir
Deildarstjóri stoðþjónustu	Berglind Árnadóttir
Deildarstjóri unglingastigs	Jón Hálf dán Pétursson
Deildarstjóri yngsta stigs	Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Ralf Trylla

Nefndir, ráð og teymi 2025-2026

Vefsíða skólans og samf.míðlar	Helga Sigfríður Snorradóttir
--------------------------------	------------------------------

Fulltrúar í skólaráði	Guðlaug Jónsdóttir Jóhanna Ása Einarisdóttir Guðbjörg Halla Magnadóttir Ralf Trylla Pétur Arnar Kristjánsson, fulltrúi nemenda Guðmundur Arnór Shiransson, fulltrúi nemenda Ásgerður Þorleifsdóttir, fulltrúi foreldra Inga María Guðmundsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
-----------------------	---

Nemendaverndarráð	Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri Helga Sigfríður Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Jón Hálf dán Pétursson, deildarstjóri unglingastigs Berglind Árnadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Helena Hrund Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur Dagný Sif Snæbjarnardóttir, fulltrúi frá velferðarsviði Guðrún Birgisdóttir, fulltrúi frá skóla- og tómstundasviði
-------------------	---

Skólahjúkrunarfræðingar	Henný Prastardóttir
-------------------------	---------------------

Eineltisvarnarteymi	Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri Helga Sigfríður Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Berglind Árnadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs Jón Hálf dán Pétursson, deildarstjóri unglingastigs Ástrún Jakobsdóttir, kennari
---------------------	--

Áfallaráð	Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri Helga Sigfríður Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Henný Prastardóttir, skólahjúkrunarfræðingur
-----------	---

	Magnús Erlingsson, sóknarprestur
Trúnaðarmaður kennara	Ástrún Jakobsdóttir, kennari
Trúnaðarmaður Kjalar	Ólöf Anna Benediktsdóttir, ritari
Öryggisnefnd	Eiríkur Gísli Johansson Guðbjörg Halla Magnadóttir Ralf Trylla, öryggisstjóri
Stjórn starfsmannafélags	Ólöf Anna Benediktsdóttir, formaður Esther Ósk Arnórsdóttir, gjaldkeri Bergþóra Sveinsdóttir, ritari Alma Björk Sigurðardóttir, meðstjórnandi, Elva Jóhanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi Laufey Eypórsdóttir, meðstjórnandi Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Heimir Hreinsson skoðunarmenn reikninga
Innra mat	Helga Sigfríður Snorradóttir Inga Bára Þórðardóttir Árni Heiðar Ívarsson Solveig Edda Vilhjámsdóttir
Teymiskennsla	Salóme Elín Ingólfssdóttir Áróra Hrönn Skúladóttir Katrín Björnsdóttir Bergþóra Sveinsdóttir
Stærðfræði	Jón Hálfván Pétursson Guðrún Ósk Ásmundsdóttir Axel Sveinsson Inga Fannney Pedersen
Íslenska	Guðlaugur Viðar Valdimarsson María Lárusdóttir Magnúsína Laufey Harðardóttir Auður Yngvadóttir Róslaug Guðrún Agnarsdóttir
Uppeldi til ábyrgðar	Ásdís Rún Ólafsdóttir Guðlaug Jónsdóttir Sóley Veturliðadóttir Iwona Maria Samson Jóhanna Ása Einarsdóttir Victoria Rose Germono De Vera

Upplýsingatækniteymi

Sigbór Snorrason
Sara Rós Sigurðardóttir
Laufey Eypórsdóttir
Jelena Micic
Edda Magnúsdóttir

Leiðsagnarnám

Jón Heimir Hreinsson
Árný H. Herbertsdóttir
Esther Ósk Arnórsdóttir
Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir
Ástrún Jakobsdóttir

Læstisteymi

Marzena Glodkowska
Helga E. Aðalsteinsdóttir
Kristín Svanhildur Ólafsdóttir
Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir
Berglind Árnadóttir

Þemadagar/árshátíð

Indíana Einarsdóttir
Elín Sveinsdóttir
Lillý Viðarsdóttir
Sigríður Guðjónsdóttir
Kjartan Ágúst Pálsson
Linda Kristín Grétarsdóttir

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2025-2026

Við skólann störfuðu 82 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Skólastjóri þetta skólaár var Guðbjörg Halla Magnadóttir og aðstoðarskólastjóri Helga Sigríður Snorradóttir.

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Angelica Orobio Rodriguez	Skólaliði
Arnheiður I Svanbergisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Auður María Kristmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Auður Yngvadóttir	Grunnskólakennari
Axel Sveinsson	Grunnskólakennari
Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir	Grunnskólakennari
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Grunnskólakennari
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Grunnskólakennari
Áróra Hrönn Skúladóttir	Grunnskólakennari
Ásdís Rún Ólafsdóttir	Leiðbeinandi
Ástrún Jakobsdóttir	Grunnskólakennari
Baldur Freyr Gylfason	Stuðningsfulltrúi
Berglind Árnadóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergþóra Sveinsdóttir	Leiðbeinandi
Donata Jagoda Drzewosz	Stuðningsfulltrúi
Dorota Maria Krawczyk	Skólaliði
Edda Björk Magnúsdóttir	Grunnskólakennari

Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elín Sveinsdóttir	Grunnskólakennari
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Esther Ósk Arnórsdóttir	Leiðbeinandi
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Skólastjóri
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Ósk Ásmundsdóttir	Grunnskólakennari
Halldóra Jónasdóttir	Grunnskólakennari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Deildarstjóri yngsta stigs
Helga Sigfríður Snorradóttir	Aðstoðarskólastjóri
Henný Prastardóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Indíana Einarsdóttir	Sérkennari
Inga Bára Þórðardóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Inga Fanney Pedersen	Grunnskólakennari
Iwona Maria Samson	Sérkennari
Jelena Micic	Leiðbeinandi
Joanna Pazurkiewicz	Skólaliði
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Gunnar Kanishka Shiransson	Stuðningsfulltrúi
Jón Hálfðán Pétursson	Deildarstjóri unglingastigs
Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jón Ólafur Eiríksson	Leiðbeinandi
Jóndís Sigurrós Einarsdóttir	Bókavörður
Jórunn Björk Magnúsdóttir	Tónlistarkennari
Kamil Svanberg Bochra	Stuðningsfulltrúi
Karen Elísabet Ingvadóttir	Stuðningsfulltrúi
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Kjartan Ágúst Pálsson	Textílkennari
Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir	Leiðbeinandi
Kristinn Hallur Jónsson	Stuðningsfulltrúi
Kristín Svanhildur Ólafsdóttir	Sérkennari
Laufey Eyþórsdóttir	Sérkennari
Liene Kuge	Stuðningsfulltrúi
Lillý Viðarsdóttir	Grunnskólakennari
Linda Kristín Grétarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Magnús Baldvin Birgisson	Stuðningsfulltrúi
Magnúsína L Harðardóttir	Sérkennari
Marcel Stanislaw Knop	Stuðningsfulltrúi
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marzena Glodkowska	Grunnskólakennari
Oleh Kovalov	Stuðningsfulltrúi
Ólöf Anna Benediktsdóttir	Skólaritari
Ralf Trylla	Húsvörður
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Róslaug Guðrún Agnarsdóttir	Grunnskólakennari
Salóme Elín Ingólfssdóttir	Grunnskólakennari
Sara Rós Sigurðardóttir	Grunnskólakennari

Sigríður Guðjónsdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Ýr Svanbergisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigrún Waltersdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigþór Snorrason	Leiðbeinandi
Soffía Ásrún Ingimarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Solveig Edda Söbech Vilhjálmsd.	Grunnskólakennari
Sóley Veturliðadóttir	Proskapjálfi
Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir	Aðstoðarmaður í eldhúsi
Teresa Maria Richter	Aðstoðarmaður í eldhúsi
Victoria Rose Germeno De Vera	Leiðbeinandi
Póra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nemendafjöldi skólaárið 2025-2026

Nemendur í lok skólaársins voru 412 nemandur og var því fjölgun á milli ára um 11 nemendur.

Bekkir	Fjöldi	Umsjónarkennari
1.MG	15	Marzena Glodkowska
1.RA	17	Róslaug Guðrún Agnarsdóttir
2.ÁJ	16	Ástrún Jakobsdóttir
2.IF	16	Inga Fanney Pedersen
2.JM	16	Jelena Micic
3.AS	19	Axel Sveinsson
3.HA	19	Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir
4.ÁH	21	Árný Herbertsdóttir
4.HP	21	Álfríð Hrefna Þorleifsdóttir
5.SS	15	Sigþór Snorrason
5.KS	16	Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir
5.EA	16	Esther Ósk Arnórsdóttir
6.KÁ	31	Katrín Björnsdóttir/Ásdís Rún Ólafsdóttir
7.AB	30	Auður Yngvadóttir/Bergþóra Sveinsdóttir
8.JÁ	48	Áróra Hrönn Skúladóttir/Jón Ólafur Eiríksson
9.SS	51	Salóme Elín Ingólfssdóttir/Sara Rós Sigurðardóttir
10.GJ	45	Guðrún Ósk Ásmundsdóttir/Jón Hálfán Pétursson

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans og samfélagsmiðlarnir Instagram og Facebook, er allt uppfært reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar, allt framangreint fer á vefsíðuna, en valdar fréttir og innsýn í starfið er birt á samfélagsmiðlunum. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín á Mentor, bæði vefsíðunni og smáforritinu. Heimanám er í boði fyrir alla nemendur skólans, fast yfir árið eða tilfallandi, en foreldrar þurfa að óska eftir því. Er þetta kynnt foreldrum á haustfundum fyrir foreldra hvers bekkis eða árgangs, sem umsjónarkennarar sjá um. Nemendur og foreldrar 1.bekkjara mæta saman í viðtal hjá umsjónarkennara í byrjun haustanna.

Í stjórn foreldrafélags skólans eru: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir formaður, Edda María Hagalín gjaldkeri, Indíana Einarsdóttir ritari, Frida Elísabeth Jörgensen, Guðfinna Sigurveig Sigurðardóttir, Vaida Brazianaité, Sólveig Erlingsdóttir, Alexandra Elísabet, Nancy Bechloff.

Skýrslur umsjónarkennara 1.- 7. bekkja

1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 31 í upphafi skólaársins en það fjölgaði um 1 nemanda um áramót þannig að þeir voru 32 í lok skólaársins. Nemendur skiptust þannig: 17 nemendur voru í 1.RA, umsjónarkennari Róslaug Guðrún Agnarsdóttir og 15 nemendur í 1.MG, umsjónarkennari Marzena Glodkowska. Sérkennari með ÍSAT var Magnúsína Harðardóttir með einn nemanda. María Lárusdóttir var með sérkennslu. Sóley Veturliðadóttir þroskaþjálfari hitti einn nemanda allan veturinn.

Kennt var í stofum 207 og 208. Aðrir kennarar voru: Lillý Viðarsdóttir kenndi sund. Árni Heiðar Ívarsson kenndi íþróttir og útivist. Jón Hálfván Pétursson kenndi íþróttir. Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi útivist og hönnun og smíðar. Victoria Rose Germono De Vera kenndi textílmennt. Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði. Umsjónarkennarar kenndu tónmennt og myndmennt (sjónlistir). Stuðningsfulltrúi í 1. RA var Arnheiður I. Svanbergisdóttir. Stuðningsfulltrúar í 1. MG voru Arna Lind Kristinsdóttir (fyrir áramót) og Karen Elísabet Ingvadóttir og Sólveig Birna Stefánsdóttir.

Jórunn Björk Magnúsdóttir var með söngstundir (syngjandi skóli) 1 sinni í mánuði í Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Bekkjunum var kennt í eigin bekkjarstofum að mestu leyti.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 3 stundir, hönnun og smíði 3 stundir, textílmennt 3 stundir, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk var aðal áherslan í íslenskukennslu á bókstafi og lestur. Vinnan í lestrarkennslunni var mjög fjölbreytt og var einn bókstafur lagður inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar. Byrjendalæsisvinnan í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt og unnið í þemaverkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift í tengslum við stafi vikunnar, frjáls ritun auk fjölda annarra skriftarverkefna.



Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 100, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning o.fl. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður. Hlutbundinni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur t.d. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Líka var unnið með árstíðir, dýr, náttúruvernd, hringrás vatns, plöntur og ræktun, samskipti við vini og skólafélaga, það að tilheyra hópi og vinna saman. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans m.a. í fjöruna, Jónsgarð, Neðsta Kaupstað og Gróanda.

Farið var í fjallgöngu upp í Stóruð.

Hefð er fyrir því að fara í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri í tengslum við fiskapema í Byrjendalæsi og forum við þangað í maí.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Kynnt voru fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara. Unnið var mest með þarfir hvers og eins og mikilvægi þess að virða mörk annarra. Litahegðun var stór partur vetrarins, þar sem kennarar og nemendur nýttu sér hugmyndafræði þess í samskiptum og hegðun.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Einnig fóru nemendur í Tónlistarskólann 1x í mánuði ásamt 2.bekk í samsöng með Jórunni og Bjarneyju Ingibjörgu. Einnig aðstoðaði Jórunn umsjónarkennara með Árshátíðaratriði 1. bekkjar.

Myndmennt, textílmennnt, heimilisfræði og hönnun og smíði

Áhersla var lögð á að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í 3 hópa sem hver um sig fékk 1 kennslustund í viku í sundi. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Íþróttir

Nemendur voru í útiíþróttum í ágúst, september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Inni í íþróttahúsinu voru kenndar ýmiskonar hreyfifærni- og boltaæfingar og farið í hlaupaleiki og boltaleiki.

Námsgögn

Íslenska: Ýmsir gæðatextar úr barnabókum var lagður til grundvallar í lestrarnáminu. Líttlestrarbækur af Skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum í anda Byrjendalæsis.

Unnið var með bókina Ítalíuskript 1, skript 1a og 1b. Lestrarlandið 1+ og 2+ og 1, Ritrún 1 og ljósrituðu hefti útbúin af kennurum. Mest voru notuð þemaverkefni frá kennurum sem voru samþætt við

samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Þar var unnið með bækurnar Komdu og skoðaðu umhverfið og Hrafninn.

Stærðfræði: Sproti 1a,1b og 2a ásamt æfingabókum. Aukaefni: Stærðfræðispæjarar 1 og ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Námsmat

Íslenska: Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipuleggja stuðningskennslu fyrir þá sem þurftu. Í janúar og maí var lögð fyrir lesfimiskimun frá Menntamálastofnun. Við mat á lesfimiþrófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Aðra þætti í Byrjendalæsi voru metnir með símati. Lesskilningspróf var í maí. Allt námsmat var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.

Stærðfræði: Nemendur tóku reglulegar lotukannanir yfir veturinn. Allt námsmat var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var vinna nemenda metin með símati og var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.



Viðburðir og vettvangsferðir

- Í september var farið í fjallgöngu í Stóruð.
- Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september.
- Hjúkrunarfræðingur sá um skólaskoðun og kom með fræðslu.
- Samráðsdagar voru í upphafi skólaársins, 22. ágúst, 1. október og 10. febrúar.
- Í vetur færðum við okkur í átt að nemendastýrðum foreldraviðtölum í anda leiðsagnarnáms þar sem foreldrar og nemendur mættu saman.
- Í desember var 1. bekk boðið í heimsókn á Byggðasafn Vestfjarða og skoða jólasýninguna þeirra.
- Á sólardaginn buðu foreldrar börnunum upp á sólarpönnukökur.
- Á bolludag 16. febrúar var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.
- Árshátíð skólans var haldin 25. og 26. mars. 1. bekkur setti upp örsöngleik um dýrin í sveitinni.
- Í maí gáfu Kiwanismenn nemendum reiðhjólahlýða að gjöf og var mikil ánægja með hjálmana.
- 8. maí fórum við í heimsókn í varðskipið Freyju.
- 18. maí lögðum við land undir fót og heimsóttum fiskvinnsluna Íslandssögu, Klofning og Litla Klofning á Suðureyri í tengslum við fiskapema í Byrjendalæsi.
- 29. Maí fórum við í heimsókn á Bæjarbókasafnið og fengum kynningu á sumarlestri.
- 1. júní fórum við í Gróanda með plöntur sem við höfðum ræktað.
- Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 3. júní á Torfnesi.
- Við fórum mikið út undir lok skólaársins og undum okkur vel við leik og störf.
- Afhending vitnisburðar og skólaslit voru svo þann 5. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk var lærdómsríkt og samstarf umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa veigamiklað í þeim árangri sem náðist.

Róslaug Guðrún Agnarsdóttir og Marzena Glodkowska

2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 48. Umsjónarkennarar voru Ástrún Jakobsdóttir, Inga Fanney Pedersen og Jelena Micic en Kristín Svanhildur Ólafsdóttir kom inn sem aukakennari í lok september, í JM bekkinn og nokkra tíma í IF bekkinn. Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi samfélagsfræði og útivist í 2. IF, útivist í 2. JM og tæknimennt. Esther Ósk kenndi þrjár kennslustundir í viku í 2. JM. Laufey Eypórsdóttir sá um sérkennslu í árganginum. Aðrir kennarar voru: Sigríður Guðjónsdóttir sem kenndi sund og Lillý Viðarsdóttir sem kenndi íþróttir. Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði, Jelena Micic kenndi myndmennt, Linda Kristín Grétarsdóttir smíðar og Victoria Rose De Vera textílmenn.

Stuðningsfulltrúar í árganginum voru Soffía Ástrún Ingimarsdóttir í 2. ÁJ, Sigríður Ýr Svanbergisdóttir í 2. JM, Jón Gunnar Shiranson, Magnús Baldvin Birgisson (haustönn), Gäelle Messmer, Kristinn Hallur Jónsson (nóvember – febrúar), Oleh Kovalov, Auður María Kristmundsdóttir, Berglind Ósk Ómarsdóttir og Marcel Knop í 2. IF.

Eftirfarandi fög voru kennd:
Stærðfræði 6 stundir,
Byrjendalæsi 14 stundir
(íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 kennslustund og upplýsingatækni 1 stund. Heimilisfræði, textílmenn, myndmennt og tæknimennt var kennd í 4 kennslustundir í viku. Nemendum árgangsins var skipt í fjóra hópa og hver hópur tók 6 vikna lotur í hverri verkgrein tvisvar yfir skólaárið.



Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er kennsla í íslensku, náttúrufræði, upplýsingatækni, samfélagsfræði- og lífsleikni samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Stutt var við lestrarnám nemenda með G-pals. Einnig var kennt samkvæmt kennsluhugmyndum leiðsagnarnáms.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A, 2B og 3A nemendabók og æfingahefti, Stærðfræði spæjarar 2 ásamt ýmsum ljósrituðum verkefnum og vinnuheftum. Nemendur æfðu að setja dæmi upp í reikningsbók. Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og símat.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skrift 1a, 1b og 2a, verkefni af skriftarvefnum, Ritrún 1 og 2, Litla Lesrún, og verkefni frá kennurum.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt Byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Lögð var áhersla á skrift, lestur, orðaforða, lesskilning og stafsetningu.

Námsmat: Símat var yfir skólaárið og ýmis verkefni metin út frá hæfniviðmiðum. Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir, í september, janúar og í maí. Læsismarkmið að vori voru 40 (lágmark) lesin orð á mínútu. Skriftarkönnun var lögð fyrir á vordögum. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði og samfélagsfræði

Námsgögn: Halló heimur 1, Könnun kortin, Köngulær, Ánamaðkar og ýmis verkefni tengd Byrjendalæsisbókum. Einnig var lögð áhersla á grenndarþekkingu og útinám í nærumhverfi skólans.

Námstilhögun: Samþætt Byrjendalæsi.

Námsmat: Símat út frá hæfniviðmiðum.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: Ýmis verkefni til að efla þekkingu nemenda á hlutverki skólabókasafnsins og hvernig nenedur geta nýtt það. Ýmis verkefni í I-pad í bekkjarstofum. Nemendur notuðu öpp sem þjálfá íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, tónmennt og sögugerð.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Tónmennt

Hluta vetrar tókum við þátt í verkefninu Syngjandi skóli í samvinnu við tónlistarskólann. Nemendur lærðu ýmis sönglög, tónfræði, þjálfuðust í að syngja saman og prufuðu ýmis hljóðfæri og tónlistarforrit. Í mars voru æfð lög sem flutt voru á Árs hátíð GÍ.

List- og verkgreinar

Árganginum var skipt í 4 hópa í hringekju. Í hringekjunni var kennt textílmennt, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt og hver hópur fékk 4 stundir í viku ¼ vetrarins. Áhersla var lögð á að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Námsmat: Símat út frá hæfniviðmiðum, einkunn gefin í bókstöfum að vori

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik, grenndarþekkingu og hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í 4 hópa sem hver um sig fékk 1 kennslustund í viku í sundi. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá. Margir sundtímar féllu niður á vorönn vegna viðgerða í Sundhöll en íþróttakennarar buðu þá í staðinn upp á útivistartíma með hópunum.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður.

Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Rætt var um hvað einelti er og hvernig áhorfendur eigi að bregðast við. Tekið var á málum sem upp komu í amstri dagsins. Lífsleikni var oft samþættuð Byrjendalæsi.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22. ágúst - Skólasetning
- 15. september – Fjallganga Gengum upp Hafrafellsháls.

- 17. september - Ólympíuhlaupið. Haustfundur fyrir foreldra, þar sem starf vetrarins var kynnt.
- 1. október - Samráðsdagur
- 17 og 20. október - Vetrarfrí
- 5.-6. nóvember – Þemadagar
- 27. nóvember - Fræðsla frá samfélagslögreglunni
- 1. desember - Opinn dagur í GÍ
- 12. desember - Jólaheimsókn á Byggðarsafn Vestfjarða
- 19. desember - Litlu jólin
- 27. janúar – Nemendapíng
- 10. febrúar – Samráðsdagur
- 16. febrúar - Maskadagur/grímuball
- 26.- 27. febrúar - Vetrarfrí
- 25.-26. mars - Árshátíð
- 30. mars - 7. apríl - Páskafrí
- 8. maí - Heimsókn í Varðskipið Freyju í tilefni af 100 ára afmæli Landhelgisgæslu Íslands
- 1. júní - Afmælissöngur fyrir Ísafjarðarbæ á Silfurtorgi
- 3. júní - Íþrótt- og leikjadagur yngsta stigs á Torfnesi.
- 4. júní - Ferð í Súðavík með vinabekknum okkar, Raggagarður og Melrakkasetrið
- 5. júní – Skólaslit

Ástrún Jakobsdóttir, Inga Fanney Pedersen, Jelena Micic og Kristín Svanhildur Ólafsdóttir

3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 38 í upphafi skólaárs en það fækkaði um einn um mitt skólaárið. Nemendum var skipt í 2 bekk, í 3. HA voru 19 nemendur og í 3. AS voru 19 nemendur.

Í 3. HA var Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir umsjónarkennari.

Í 3. AS var Axel Sveinsson umsjónarkennari.

Sérkennslukennari árgangsins var María Lárusdóttir. Árgangurinn fékk minni sérkennslu heldur en til stóð vegna forfalla Maríu og enginn var til að leysa hana af.

Kennt var í stofum 202 og 203.

Aðrir kennarar voru Árni Ívar Heiðarsson kenndi sund, Sigríður Guðjónsdóttir kenndi íþróttir, Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi hönnun og smíði, Kjartan Ágúst Pálsson kenndi textílmenn, Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði, Solveg Edda Vilhjálmisdóttir kenndi myndmennt, Victoria Rose Germono De Vera kenndi ensku, Jón Heimir Hreinsson kenndi stærðfræði hjá 3.HA, Jórunn Björk Magnúsdóttir kenndi tónmennt. Stuðningsfulltrúar í 3.HA voru Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir, Jón Gunnar Shiransson og Donata Jagoda Drzewosz. Stuðningsfulltrúar í 3.AS voru Sigríður Jónsdóttir (fram í október), Álfheiður Elín Bjarnadóttir, Donata Jagoda Drzewosz (fram í október).

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (Íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni), útivist 1 stund, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund, hringekja (heimilisfræði, textílmenn, hönnun og smíði, myndmennt) 4 stundir á viku.

Námsgögn: Ýmsar barnabækur sem verkefni í Byrjendalæsi tengdust, ýmis önnur verkefni sem kennara gerðu í anda Byrjendalæsis. Unnið var með bækurnar Skrift 2a, Ritrún 2 og 3, Lesrún og ljósrituð hefti útbúið af kennurum. Ásamt þemaverkefnum frá kennurum sem voru samþætt við samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni.

Sproti 3a, 3b og æfingahefti. Stærðfræðispæjarar og húrrahefti ásamt efni frá kennara.

Nemendur tóku lotukannanir jafnt yfir veturinn ásamt sem kennarar mátu aðra vinnu við verkefni í kennslustundum. Allt námsmat var unnið eftir leiðsagnarnámi og hugmyndafræði þess.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var vinna nemenda metin með símati og var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.



Í bekknum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði-, og lífleikniskennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópavinnu og um leið einstaklingsþörfum mætt.

Stærðfræði

Aðaláherslan í 3.bekk í stærðfræði var á að nemendur geti nýtt sér grunnreikniaðgerðirnat 4 og reiknað með náttúrulegum tölum, Speglun og hliðrun, inngangur að tölfræði, námundun, og rúmfræði.

Íslenska

Í 3. bekk var aðaláherslan á læsi, lesskilning og orðavinnu.

Vinnan í vetur einkenndist af því að í hverri viku var valin bók sem verkefni vikunnar tengdust. Ólík verkefni þar sem nemendur fengu að spreyta sig á að stuðla að færni og skilningi sem kemur að lestri. Byrjendalæsis vinnan í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt og unnið með í þemaverkefnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Hringrás vatns og áhrif mannfólks á umhverfið voru helstu umræðupunktur fyrir áramót. Eftir áramót helguðu nemendur sér sögu landnáms á Íslandi ásamt því að vinnu um húsdýr á íslenskum sveitabæjum sem tengdist við vorferð árgangsins að Hólum í Dýrafirði. Í ársbyrjun var farið í gönguferð upp á Hnífa, þar fengu nemendur kennslu og upprifjun á helstu kennileitum í nærumhverfi barnanna.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru helst unnin ásamt verkefnum sem kennarar settu fyrir í tengslum við það sem var að gerast í nærsamfélagi nemenda og einnig í hinum stóra heimi. Kynnt voru fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel yfir hlutverk nemenda og kennara. Unnið var með þarfir nemenda og mörk nemenda og annarra. Hugmyndafræði Litahegðunar var notuð í samhengi við samskipti nemenda við hvora aðra.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis lög yfir veturinn sem þau fluttu í Hömrum, sal Tónlistarskólans og eftir áramót sömdu Helga og Axel stuttan leikþátt og söngtexta við nokkur lög sem nemendur fluttu á Árs hátíð skólans. Nemendur fengu að fara í minni hópum til Jórunnar í tónlistarskólann þar sem þau fengu að læra að spila á hin ýmsu hljóðfæri og var lokaafurðin þeirra vinnu að semja stutt hljóðbrot úr lagi.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmenn

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki, boltaíþróttir og fimleika.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.



Viðburðir og vettvangsferðir

- Í september var farin fjallgöngu- og hjólaferð frá skóla upp í Hnífa við Dagverðardal.
- Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu í september.
- Samráðsdagar voru 1. október og 10. febrúar. Í vetur æfðu nemendur sig í að nemendastýra foreldraviðtölum sínum.
- Byggðarsafnið bauð nemendum á Jólasýningu í desember.
- Á Sólardaginn buðu foreldrar nemendum upp á pönnukökur ásamt því að nemendur sungu sólarpönnukökulagið ásamt öllum nemendum á yngsta stigi.
- Á Bolludaginn bauð foreldrafélagið nemendum á maskaball í sal skólans.
- Árshátíð skólans var haldin 25. og 26. mars þar sem árgangurinn flutti leikrit um landnám Íslands.
- Þann 20. maí fór árgangurinn í heimsókn á Hóla í Dýrafirði og á Víkingasvæðið á Þingeyri.
- Þann 8. maí fengu nemendur að fara í heimsókn í varðskipið Freyju.
- Þann 2. júní fengu nemendur að fara í heimsókn á Bæjarbókasafnið og fengu góða kynningu á sumarlestri. Þann sama dag fór árgangurinn í hjólaferð inn í Tunguskóg þar sem nemendur léku sér saman í skóginum, óðu í ánni og skemmtu sér saman.
- Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 3. júní á Torfnesi þar sem nemendur var skipt í blandaða hópa og fóru allskyns leiki og þrautir.
- 4. júní fór árgangurinn upp í Gróanda með plöntur sem þau höfðu ræktað um vorið til gróðursetningar.
- Afhending vitnisburðar og skólaslit voru þann 5. júní.

Axel Sveinsson og Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir

4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 42. árganginum var skipt í tvo hópa og voru 21 nemendur í hvorum hópnum fyrir sig. Umsjónarkennarar voru Álfdrís Hrefna Þorleifsdóttir og Árný Herbertsdóttir. Í upphafi skólaársins voru stuðningsfulltrúar Álfheiður Björk Bjarnadóttir og Sigríður Jónsdóttir í 4.HP. Í lok október breyttist þetta og Sigrún Waltersdóttir kom fyrir Álfheiði. Stuðningsfulltrúi í 4.ÁH var Þóra Steinunn Gunnarsdóttir. Sérkennari árgangsins var Laufey Eypórsdóttir. Umsjónastofur árgangsins voru stofur 206 og 207.

Kennarar í verkgreinum og íþróttagreinum:

Victoria Rose Germono De Vera kenndi ensku í 4. HP.

Kristín Svanhildur Ólafsdóttir kenndi samfélagsfræði í 4. HP.

Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði.

Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi tæknimennt/smíði.

Kjartan Ágúst Pálsson sá um textílmenn.

Sólveig Edda Vilhjálmsdóttir kenndi myndmennt.

Árni Heiðar Ívarsson, Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir kenndu íþróttir og sund.

Námsgreinar hjá 4. bekk skiptust á eftirfarandi hátt:

Íslenska og stærðfræði var kennd í 6 kennslustundir á viku. Upplýsingatækni var 1 kennslustund á viku líkt og tónmennt. Samfélagsfræði og náttúrufræði voru kenndar 3 kennslustundir á viku. Lífsleikni var kennd eftir þörfum. Íþróttir voru 2 kennslustundir á viku. Sund var 1 sinni í viku og sama á við um útivist. Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmenn voru kenndar samhliða 4 kennslustundir í viku og skiptist í 4 hópa sem kom tvisvar yfir veturinn.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 4A og 4B nemendabók og æfingahefti og itarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna, verkleg verkefni og svolítið útinám.

Námsmat: Verkefni, kannanir eftir námsþætti og vorkönnun.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum. Lesrún 2, Ritrún 2 og 3. Einnig var unnið með upprifjun á stöfum og orðavinna. Auk ýmissa verkefna frá kennurum. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.

Námstilhögun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna, verkleg kennsla, útinám og PALS.

Heimanám var heimalestur allan veturinn og þeir sem þess óskuðu fengu heimanám einu sinni í viku sem fór heim á föstudegi og skilað aftur á miðvikudeginum á eftir. Þetta var einstaklingsmiðað heimanám.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi og símat kennara í málfræði og skrift. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 80 orð á mín. 50% læsu 120 orð á mín. og 25% læsu 145 orð á mín.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu mannkynið og Halló heimur 3, unnið var með kaflana örugg í umhverfinu og trúarbrögð.

Námstilhögun: Verkefni unnin á ýmsan máta, bæði einstaklings- og hópavinna.

Náttúrufræði

Námsgögn: Halló heimur
3. unnið var með kaflana um himingeimin, kraft og hreyfingu, heilbrigði og í blóma lífsins.

Námstilhögun: Verkefni unnin á ýmsan máta, bæði einstaklings- og hópavinna.



Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í lífsleikninni í vetur og skólasterfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli þar sem allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum. Samtal var mjög oft þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra.

Enska

Námsgögn: Yes we can 4.

Nemendur unnu verkefni sem miðuðu að því að bæta við orðaforða þeirra og styrkja orðaskilning. Ýmislegt efni á ensku, ævintýri, söngvar og fl. þar sem hlustað var á ensku.

Upplýsingatækni

Fingrafimi var æfð allan veturinn með æfingaleikjum á mms.is. og typing.com. Nemendur unnu verkefni sem tengdust ýmiskonar annarri vinnu inná mms.is. Þeir æfðu sig í að skrifa texta í word. Í lok kennslustunda fengu nemendur að vera í tölvuleikjum.

Tónmennt

Fjallað um texta og lögin lærð og sungin. Áhersla var lögð á jákvæð áhrif tónlistar, sköpun, söng og gleði. Samvinna við tónlistarskóla Ísafjarðar var á þann veg að Jórunn Björk Magnúsdóttir kom með tillögur að lögum sem hver árgangur æfði og söng svo í Hömrum einu sinni í mánuði. Farið var yfir bækurnar Tónlist og umhverfið og Tónlist og Afríka. Auk þessa að vinna með ýmsa fræga tónlistarmenn sögunnar.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmenn

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Íþróttir og sund

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki, boltaíþróttir og fimleika. Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 3. sept - Fjallganga í Naustahvilt.
- 9. sept - Haustfundur með foreldrum.

- 17. sept - Ólympíuhlaup ÍSí.
- 5-6.nóv – Þemadagar
- 1. desember – opinn dagur
- 19. desember – Litlu jólin.
- 23. janúar- Sólarkaffi.
- 16. febrúar- Maskadagur
- 25. og 26. mars – árshátíð
- 4.maí – List fyrir alla Herdís Anna fiðluleikari.
- 21.maí – Litla upplestrarhátíðin.
- 29. maí- Ferð í Valagil
- 1.júní – Samsöngur vegna afmælis Ísafjarðarbæjar
- 2. júní – Hjólaferð.
- 3.júní – Íþróttadagur.
- 4.júní – Kynning á sumarlestri á bókasafni.
- 5. júní – Skólaslit.

Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir og Árný Herbertsdóttir

5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 47, 20 stúlkur og 27 drengir.

Umsjónarkennarar voru Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigbór Snorrason.

Stuðningsfulltrúi var Marcel Knop, Guðmundur Grétar Friðriksson og Auður María Kristmundsdóttir.

Kennarar árgangsins:

Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigbór Snorrason voru umsjónarkennarar og kenndu eftirfarandi: íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt.

Aðrir kennarar voru:

Victoria Rose Germono De Vera - enska

Árni Heiðar Ívarsson - Sund

Guðlaug Jónsdóttir Heimilisfræði

Jón Heimir Hreinsson – Smíðar

Kjartan Ágúst Pálsson - Textílmennt

Solveig Edda Vilhjálmisdóttir - Myndmennt

Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir – Íþróttir

Ýmsir kennarar – Hræringur.

Eftirtalin fög voru kennd ákveðið margar stundir í viku: Íslenska 6, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, tónmennt 1, íþróttir 2 og sund 1.

Textílmennt, heimilisfræði, og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tímar á viku í u.þ.b. 10-11 vikur hvert fag. Hræringur var kenndur í 3 kennslustundir á viku, þar af tvær samliggjandi í miðlotu á þriðjudögum og ein fyrir hádegismat á föstudögum. Þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í 8 vikur og þá eru skipti. Að valinu koma ýmsir kennarar.

Umsjónarstofur árgangsins var stofa 116, 117 og 122. Bekkurinn fékk spjaldtölvur í haust og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Nemendur sáu um að hlaða sína spjaldtölvu og sækja uppfærslur. Reglur um notkun snjalltækjanna voru lagðar fyrir nemendur og foreldra og hver nemandi

ásamt foreldri skrifuðu undir samning þar að lútandi. Kennarar stjórnðu notkun tækjanna að öllu leyti og almennt hefur notkun tækjanna gengið vel fyrir sig.

Unnið var eftir uppbyggingarstefnunni og leiðsagnarnámi og einkenndis kennslan af leiðsagnarmati. Farið var í námsratleiki inni og úti, bekkirnir unnu saman eða skipt í hópa

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrit og kennslumyndir á Skólavefnum.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk, ýmsar hópskiptingar innan hópsins og mikið um samvinnunám.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Smellur 1, Málrækt 1, auk ýmissa ljósritaðra verkefna, gagnvirkar stafsetningaæfingar, lesskilningsverkefni.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og skapandi skrifum. Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og unnið út frá hugmyndum nemenda. Námsmat: Þrjú lesfímipróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningsprófið Orðarún, var tekið tvisvar yfir veturinn, ýmis málfræði og ritunarverkefni metin. Nemendur tóku matsferil í lesskilning í marsmánuði.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland – hér búum við (landafræði) og Víkingaöld

Námstilhögun: Nemendur unnu í vinnubókum og ýmis verkefni út frá efninu, hóp- og einstaklings.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni. Nemendur gerðu verkefni í Ipad og tölvum, haldnar voru kynningar og skapandi verkefni.



Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 1, lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Unnið með ákveðna námsþætti. Innlögn, upplýsingaleit, einstaklings- og hópverkefni og kynningar.

Námsmat: Ýmiss kaflapróf úr námsbókinni og verkefni metin, vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Enska

Námsefni: Yes we can 4 og 5.

Námsmat: Vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Upplýsingatækni

Námsgögn: Verkefni í forritinu Word fyrir krakka og ýmis verkefni frá kennara

Námstilhögun: Kennt var í tölvuveri skólans og spjaldtölvur notaðar.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mátti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum. Unnið með upplýsingaöflun.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin og fingrasetning.

Lífsleikni

Námsgögn: Ég og sjálfsmyndin, og ítarefni frá kennara.

Námstilhögun: Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Hópeflisleikir og samskiptaæfingar. Unnið með markmiðasetningu, styrkleika og sjálfsmynd. Laufey kennari og einhverfuráðgjafi kom með fyrirlestur fyrir bekkina um einhverfu.

Íþróttir

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Farið var í hjólabrautina og á púttvöllinn á haustdögum og boðið uppá að renna sér á þotum, sleða eða ruslapoka í vetur. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 27.08 Fjallanga – Gengið upp með Buná, að gönguskíðaskálanum
- 28.08 Haustfundur foreldra
- 17.09 Ólympíuhlaup ÍSí
- 23.09 Þorgrímur Þráins kynnti skapandi skrif
- 09.10 Heimsókn í Björgunarsveitarinnar
- 05. - 06.11 Þemadagar hafið
- 01.12 Opinn dagur í GÍ
- 03.12 Spurningakeppnin Ég veit
- 19.12 Litlu jólin
- 23.01 Sólarkaffi
- 27.01 Nemendaping Líðan og hegðun
- 16.02 Maskaball í skólanum
- 24.02 Sólmyrkvaleikar 2026 í Edinborgarhúsinu
- Matsferill í lesskilning og stærðfræði
- 25.03 – 26.03 Árshátíð – Sveitin
- 24.04 Skíðadagur á Seljalandsdal
- 08. 05 Heimsókn í Freyju landhelgisgæsluskipið
- 19.05 Hjólaferð í Tunguskóg
- 29. 05 Ferð í Holtsfjöru
- 01.06 30 ára afmæli Ísafjarðarbæjar
- 02.06 Íþróttadagur við Torfnes

Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigþór Snorrason.

6.bekkur

Nemendur árgangsins voru í upphafi skólaárs 27, 15 stúlkur og 12 drengir. Í lok skólaárs voru þau 31, 17 stúlkur og 14 drengir. Umsjónarkennarar voru Katrín Björnsdóttir og Ásdís Rún Ólafsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Liene Kuge og Magnús Baldvin Birgisson.

Katrín Björnsdóttir og Ásdís Rún Ólafsdóttir voru umsjónarkennarar og kenndu eftirfarandi: íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt. Aðrir kennarar voru:

Sigríður Guðjónsdóttir - Sund

Guðlaug Jónsdóttir - Heimilisfræði

Jón Heimir Hreinsson – Smíðar

Kjartan Ágúst Pálsson - Textílmennt

Solveig Edda Vilhjálmsdóttir og Ásdís Rún Ólafsdóttir - Myndmennt

Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir – Íþróttir

Katrín Björnsdóttir og Victoria Rose Germono De Vera – Enska

Áróra Hrönn Skúladóttir og Jón Ólafur Eiríksson – Danska

Iwona Maria Samson – Sérkennari

Ýmsir kennarar – Hræringur.

Eftirtalin fög voru kennd ákveðið margar stundir í viku: Íslenska 6, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 1, upplýsingatækni 1, tónmennt 1, íþróttir 2 og sund 1.

Textílmennt, heimilisfræði, og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tímar á viku í u.þ.b. 10-11 vikur hvert fag. Hræringur var kenndur í 3 kennslustundir á viku, þar af tvær samliggjandi í miðlotu á miðvikudögum og ein fyrir hádegismat á föstudögum. Þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í 8 vikur og þá eru skipti. Að valinu koma ýmsir kennarar. Umsjónarstofur árgangsins voru stofur 217 og 218. Í upphafi skólaárs var bekkurinn sem ein heild. Í lok október var byrjað að kenna stundum í tveim aðskildum stofum. Voru kennsluhættir eins fjölbreyttir og hægt er að hafa þá.

Stærðfræði:

Námsgögn: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrít og ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk, ýmsar hópskiptingar innan hópsins og mikið um samvinnunám.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 2 – lesbók og vinnubók, Smellur 2, Málrækt 2, auk ýmissa ljósritaðra verkefna, gagnvirkar stafsetningaæfingar, lesskilningsverkefni.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og réttritun. Lesskilningsverkefni send heim vikulega. Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og unnið út frá hugmyndum nemenda. Námsmat: Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningsþrófið Orðarún, var tekið í október, lesskilningsþróf var síðan tekið í mars í gegnum Matsferil. Ýmis málfræði og ritunarverkefni metin. Lagt var fyrir þróf í málfræði.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Norðurlönd, lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Nemendur unnu í vinnubókum og ýmis verkefni út frá efninu. Í lokin voru nemendur með verkefni þar sem þeir settu upp ferðaskrifstofu og kynntu sitt land fyrir foreldrum.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 2, lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Unnið með ákveðna námsþætti. Innlögn, upplýsingaleit, einstaklings- og hópverkefni og kynningar.

Námsmat: Verkefni metin, vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Enska

Námsefni: Yes we can 6.

Námsmat: Vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Danska

Kennt var 1 kennslustund á viku.

Námsefni: START lesbók og vinnubók, önnur verkefni unnin í hópavinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Verkefni frá kennara og önnur tilfallandi verkefni.

Námsmat: Símat yfir veturinn á verkefnum nemenda og kynningum á verkefnum.



Upplýsingatækni

Námsgögn: Verkefni í forritinu Word fyrir krakka og ýmis verkefni frá kennara.

Námstilhögun: Kennt var í tölvuveri skólans og spjaldtölvur notaðar. Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum. Unnið með upplýsingaöflun.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Námsgögn: Ég og sjálfsmyndin, og ítarefni frá kennara.

Námstilhögun: Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Hópeflisleikir og samskiptaæfingar. Unnið með markmiðasetningu, styrkleika og sjálfsmynd.

Íþróttir og sund

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 27.08 Fjallganga – Gengið upp frá gönguskíðaskálanum á Seljalandsdal upp á Sandfell.
- 10.09 Rýmingaræfing
- 11.09 Haustfundur foreldra
- 17.09 Ólympíuhlaup ÍSÍ
- 23.09 Heimsókn frá Þorgrími Þráinssyni rithöfund
- 01.10 Samráðsdagur

- 06. - 07.11 Þemadagar
- 01.12 Opinn dagur í GÍ
- 03.12 Spurningakeppnin Ég veit
- 08.12 Heimsókn á Byggðasafnið í Neðsta kaupstað
- 23.01 Sólarkaffi
- 27.-28.01 Nemendaping
- 10.02 Samráðsdagur
- 16.02 Maskaball í skólanum
- 24.-25.02 Sólmyrkvaleikar í Edinborgarhúsinu
- 25. – 26.03 Árs hátíð – Sveitin
- 24.04 Skíða- og útivistardagur
- 08.05 Heimsókn í varðskipið Freyju
- 19.05 Hjólaferð í Tunguskóg
- 22.05 Rútuferð í Ósvör, Bolungarvík
- 01.06 Ferðaskrifstofa, opið hús fyrir foreldra
- 02.06 Íþróttadagur á Torfnesi

Katrín Björnsdóttir og Ásdís Rún Ólafsdóttir

7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 30, 14 drengir og 16 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir og Bergþóra Sveinsdóttir, Róslaug Guðrún Angarsdóttir sá um umsjón í byrjun skólaárs þangað til Bergþóra kom inn í október.

Kennarar árgangsins:

Auður Yngvadóttir - íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, upplýsingatækni og lífsleikni.

Bergþóra Sveinsdóttir - íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, lífsleikni, enska og myndmennt.

Kjartan Ágúst Pálsson – textílmennt

Jón Heimir Hreinsson– smíðar og hönnun

Solveig Edda Vilhjálmisdóttir – myndmennt

Edda Björk Magnúsdóttir - heimilisfræði

Áróra Hrönn Skúladóttir – danska

Guðlaugur Víðir Valdimarsson – danska, íslenska

Victoria Rose Germono De Vera – enska

Lillý Viðarsdóttir – íþróttir

Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir, sund

Magnúsína Laufey Harðardóttir – íslenska sem annað mál

Iwona María Samson – sérkennsla

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélags-fræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, myndmennt 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 2 stundir á viku. Textílmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 stundir á viku. Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennt var í tveimur hópum í öllum greinum, í tveimur kennslustofum. Þó var hópurinn oft tekinn saman í stærri verkefnum í ákveðnum fögum þar sem nemendum var skipt í hópa þvert á árganginn. Einnig voru einstaka kennslustundir saman með allan árganginn þegar vel gekk. Notast var við kennslubækur

á við lesbækur og vinnubækur. Ásamt því að gera stærri verkefni t.d. kynningarverkefni með snjalltækjum.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Vandamálið, skriftarbækur. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með þjóðsögupema þar sem unnið var með ýmsar þjóðsögur og búin til verkefnamappa ásamt lokaverkefni.

Námstilhögun: Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum. Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni þar sem nemendur okkar voru öll í þremur efstu sætunum.

Námsmat: Verkefni jafnt og þétt yfir veturinn. Lesfimipróf lögð fyrir á haustönn og vorönn. Lokaverkefni í þjóðsögupema metið.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Nemendur fengu vinnuáætlun í upphafi hvers kafla/lotu. Áætlunin var miðuð við getu hvers og eins hver vann miðað við sinn námshraða. .

Námsmat: Kaflapróf eða próf upp úr ákveðnum liðum/blaðsíðum.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Evrópa lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Verkefni um lönd Evrópu voru unnin í hópum ásamt einstaklingsverkefnum.

Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 3 og Náttúrulega 3 lesbók, vinnubók.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti.

Námsmat: Kaflapróf og símat.

Danska

Námsefni: SMART lesbók og vinnubók, önnur verkefni unnin í hópavinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Verkefni frá kennara og önnur tilfallandi verkefni. Námsmat: Símat yfir veturinn á verkefnum nemenda og kynningum á verkefnum.

Enska

Námsefni: Yes we can 7, lesbók og vinnubók, Action lesbók. Stærri hópverkefni voru einnig unnin upp úr ákveðnum köflum úr Yes we can.

Námsmat: Verkefnabækur og hópverkefni metin til lokaekunnar ásamt vinnuframlagi í kennslustundum.

Upplýsingatækni

Notuð voru ýmis öpp í snjalltækjum þar sem unnin voru verkefni og kynningarverkefni.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Ásamt því að fara út saman og læra um umhverfið. Einnig var mikið sungið og lært fjölbreytt lög og lagatexta.

Íþróttir

Kennslan var með hefðbundnu móti, útiþróttir að hausti, inniþróttir frá október til maí og útiþróttir að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Þó er mikilvægt að auka við búnað og tæki til íþróttakennslu. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp.

Uppbyggingarstefna

Hlutverkin okkar og bekkjarsáttmálinn voru rifjuð upp og endurbætt. Einnig var farið vel í hvað eru góðar venjur og slæmar venjur, og í sambandi við það hvað er að vera góður vinur og slæmur vinur.

Myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð verk úr endurnýttu efni (skúlptúr). Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á vetri. Mikið málað með akrílmálningu á striga. Grunnur í listasögu með áherslu á Popplis (Andy Warhol o.fl.). Litafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, framkomu og frágang.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22.08 Skólasetning
- 25.08 – 29.08 Skólabúðirnar að Reykjum
- 18.09 Fjallganga
- 13.09 Olympíuhlaup ÍSí
- 01.10 Samráðsdagur
- 17.-20.10 Haustfrí
- 05.11- 06.11 Þemadagar
- 17.11 Stóra upplestrarkeppnin sett í Hömrum á degi íslenskrar tungu
- 01.11-15.11 Ól í skókassa
- 27.11 Lokakeppnin í Ég veit!
- 01.12 Opinn dagur – foreldrar boðnir velkomnir
- 19.12 Litlu jólin
- 10.02 Samráðsdagur
- 16.02 Maskadagur-grímuball
- 25.02 Sólmyrkvaleikarnir í Edinborgarhúsinu
- 26.02 - 27.02 Vetrarfrí
- 06.03 Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
- 13.03 Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
- 25.03 - 26.03 Árshátíð GÍ
- 07.04 Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
- 08.05 Uppskeruhátíð Sólmyrkvaleikana
- 28.05 Lokaball
- 29.05 Heimsókn á golfvöllinn
- 01.06 Heimsókn í Sæfara
- 02.06 Leikjardagur á Torfnesi

Skýrslur 8. – 10. bekkja

Skýrsla deildarstjóra unglingastigs

Í unglingadeild í vetur voru 144 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur en tveir kennarar með hvern bekk. Í 9. bekk var oftast kennt í einum hóp en 8. og 10. bekkur voru oftast í tveimur hópum. Þar að auki komu 7 nemendur frá Grunnskólanum á Suðureyri í val tvisvar í viku.

Nemendur á unglingastigi taka ákveðinn fjölda valtíma á viku. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 8 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar unglingastigs gátu sótt í vetur voru: Boltaval, Fab Lab, Útivist og fjallamennska, Framtíðin í kvikmyndum, Himingeimurinn, Keramik, Lagasmíðar, Leiklist, Líkamsrækt og þjálfun, Námsaðstoð, Seinni heimstýrjöldin, Skák, Skólahreysti, Spil, Stuttmyndagerð. En 9. og 10. bekkur gátu líka valið um: Erasmus+, Heimilisfræði, Myndmennt og Smíði til viðbótar við fyrri upptalningu. Nemendur í 10. bekk gátu svo einnig valið Fornám ökunáms og Sund. Þá gátu nemendur einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Nemendaráð skólans fundar í upphafi hvers mánaðar og skipuleggur hvað á að vera í boði í félagsmiðstöðinni. Allir sem vilja hafa áhrif á það geta mætt á fundina og lagt orð í belg. Dagný Finnbjörnsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin 9. október en hún hefur verið fastur liður í starfi skólanna í mörg ár. Á íþróttahátíðinni keppa nemendur unglingastigs af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið.

Fjáröflunarnefnd 10. bekkjar hélt nokkur böll í salnum við góðar undirtektir og var nemendum úr nágrannaskólum boðið að mæta á böllin.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 5. júní. Unglingastig mætti í kirkjuna um kvöldið á skólaslitin. Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir. Emilía Rós Sindradóttir og Garðar Logi Guðmundsson nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni. Hilmir Norðfjörð og Saga Björgvinsdóttir fluttu ávarp fyrir hönd útskriftarnema.

Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Ylfa K. Rósinkara Tómasdóttir í 8. bekk, Dagbjört Sjöfn Magnúsdóttir í 9. bekk og Sölvey Marie Tómasdóttir í 10. bekk. Aðrar viðurkenningar voru eingöngu fyrir útskriftarnemendur. Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal gaf viðurkenningar fyrir list- og verkgreinar. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir námsárangur í dönsku. Dokkupúkinn gaf verðlaun í íslensku til minningar um Ölmú Guðrúnu Frímansdóttur og Stöðin Heilsurækt gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar voru frá Grunnskólanum á Ísafirði. Eftirtaldir hlutu viðurkenningar, Roza Matijevic Ismailovski fyrir myndmennt, Hilmir Logi Samúelsson fyrir heimilisfræði, Sigríður Jóna Haraldsdóttir fyrir Smíði og hönnun, Saga Björgvinsdóttir fyrir dönsku, Saga Björgvinsdóttir og Hilmir Freyr Norðfjörð fyrir íþróttir, Jakob Ingi Ingvarsson og Ólafur Pálmi Birgisson fyrir tækniráð, Kristín Eik Sveinbjörnsdóttir fyrir íslensku, Saga Björgvinsdóttir fyrir náttúrufræði, Guðmundur Arnór Shiransson fyrir ensku, Þórey Þórsdóttir fyrir samfélagsfræði og loks Saga Björgvinsdóttir fyrir stærðfræði. Kristín Eik Sveinbjörnsdóttir spilaði á píanó lagið Sonatina í G dúr eftir Ludwig van Beethoven en hún er nemandi Tónlistaskóla Ísafjarðar.

Jón Hálfán Pétursson

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 48 talsins, 20 strákar og 28 stelpur. Umsjónarkennarar voru Áróra Hrönn Skúladóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir (fram í mars) og svo Jón Ólafur Eiríksson. Stuðningsfulltrúar voru Elva Jóhannsdóttir og Angelica Orobio Rodriguez.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

Danska – Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Eiríksson

Enska – Sara Rós Sigurðardóttir og Victoria Rose Germono De Vera

Heimilisfræði – Edda Björk Magnúsdóttir

Íslenska – Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Eiríksson

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir

Sérkennsla – Indíana Einarsdóttir

Sund – Sigríður Guðjónsdóttir

Lífsleikni – Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir/ Jón Ólafur Eiríksson

Myndmennt – Solveig Edda Vilhjálmisdóttir / Jelena Micic

Stærðfræði – Jóhanna Ása Einarsdóttir, Inga Fanney Pedersen, Indíana Einarsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Textílmennt – Kjartan Ágúst Pálsson

Tæknimennt – Jón Heimir Hreinsson

Valgreinar – margir kennarar

Þota – Íslenska - Náttúrufræði - Samfélagsfræði - Áróra Hrönn Skúladóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Eiríksson

Námsgreinar

Eftirtalin fög voru kennd: ÞOTA (sambætting í samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku) 11 tímar, stærðfræði 5 stundir, enska 4 stundir, lífsleikni 1 stund, íþróttir 2 stundir og sund 2, danska 3 stundir. Hringekja (Heimilisfræði, myndmennt, textílmennt og tæknimennt) 4 stundir á viku í 8 vikur í senn. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu.

Kennsluhættir

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 211 og 212. Nemendum var skipt upp í tvo námshópa eftir námsgreinum. Tveir kennarar voru að með hópinn, þ.e einn með hvorum námshóp. Nemendur höfðu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnaýsingu til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides, Canva og Book Creator, CapCut og fleira.

ÞOTA

ÞOTA er sambætting námsgreinanna náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 8.bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í ÞOTU þennan veturinn var eftirfarandi: Um víða veröld – jörðin, Lýðræði og tækni, Lífheimurinn, Eðlisfræði 1, Laxdæla, ljóðagerð, Óðinn og bræður hans, Jólþota. Auk þess var ýmskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum. Nearpod og Kahoot einnig notað. Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 1A og 1B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði I og II.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum 5 kennslustundir á viku. Útinám á þriðjudögum þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni sem tengdust oftast þeim námsþáttum sem unnið var að hverju sinni. Jólaverkefni þar sem nemendur hönnuðu jólakort.

Námsmat: Símat: Kaflapróf og verkefni

Kennarar: Jóhanna Ása Einarsdóttir, Inga Fanney Pedersen, Indíana Einarsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Enska

Námsefni: Spotlight 8 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum, kvikmyndum og öðru efni

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni og lykilhæfni.

Kennarar: Sara Rós Sigurðardóttir og Victoria Rose Germono De Vera

Danska

Námsgögn: TAK A lesbók og vinnubók, Árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis Hópverkefni, útiverkefni auk þemaverkefna tengdum efni úr TAK A og öðru efni.

Símat: öll skil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur, hringekjuverkefni og myndbönd með framsögn.

Kennarar: Áróra Hrönn Skúladóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Einarsson

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarsfundir og nemendur fengu sérstaka fræðslu um ofbeldi, afleiðingar þess og birtingarmyndir

Kennarar: Áróra Hrönn Skúladóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Einarsson

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Sigríður Guðjónsdóttir og Lillý Viðarsdóttir

Skólasund

Nemendur voru í sundi tvisvar í viku þar sem þeir taka tvö sundstig, það áttunda og níunda. Áhersla var lögð á fjölbreyttar sundaðferðir, þolsund, köfun, björgunarsund sem og aðra öryggisþætti er koma að vatni.

Námsmat: Símat yfir veturinn, ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Sigríður Guðjónsdóttir

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22. ágúst Skólasetning
- 16. september Gönguferð Fellsháls – Nónvatn – Engidalur
- 17. september Skólahlaup ÍSÍ
- 1. október Samráðsdagur
- 9. október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 17. - 22. október Vetrarfrí
- 5. - 6. nóvember Þemadagur
- 18. desember Skreytingadagur
- 19. desember Litlu jólin

- 10. febrúar Foreldraviðtöl
- 26.-28. febrúar Vetrarfrí
- 25. –26. mars Árshátíð
- 30. mars - 6.apríl Páskafri
- 18. maí Heimsókn á Hrafnseyri og Dynjanda
- 1.júní 30 ára afmæli Ísafjarðarbæjar – söngur á torgi
- 2. júní Leikjadagur 5.-10.bekkjar
- 3.júní Hjóla- og gönguferð í Tunguskóg
- 5. júní Skólaslit

Áróra Hrönn Skúladóttir og Jón Ólafur Eiríksson

9.bekkur

Nemendur árgangsins voru 51 talsins, 33 strákar og 18 stelpur. Umsjónarkennarar voru Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Sigríður Jónsdóttir, Martina Ayamond og Kamil Svanberg Bochra. Sigrún Waltersdóttir byrjaði skólaárið með bekknum en svo kom Sigríður inn í staðinn.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Áróra Hrönn Skúladóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir (fram í mars) og Jón Ólafur Eiríksson (tók við í mars)

Enska – Sara Rós Sigurðardóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Íslenska – Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir

Sund – Árni Heiðar Ívarsson

Lífsleikni – Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Náttúrufræði – Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Samfélagsfræði – Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Stærðfræði – Jón Hálfán Pétursson og Salome Elín Ingólfssdóttir

Kennslugreinar voru ÞOTA (sambætting íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni) 14, stærðfræði 5, enska 4, íþróttir 2, danska 3 stundir, sund 1. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu.

Kennsluhættir voru þannig að kennsla fór fram í stofu 109/110. Tveir kennarar voru að jafnaði með hópinn og tveir stuðningsfulltrúar. Nemendur höfðu afnot af Chrome books tölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnalýsingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira. Í vetur byrjuðum við að nota Google calendar til að setja áætlanir fram í tímann og halda utanum það sem var unnið daglega.

ÞOTA

ÞOTA er sambætting námsgreinanna íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 9.bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í ÞOTU þennan veturinn var eftirfarandi:

Málið í mark – sagnorð, Styrjaldir og kreppa, Mannslíkaminn, Efnisheimurinn, Smásagnasmáræði, Smátímasögur, Eðlisfræði 2, Á ferð um samfélagið, Um víða veröld, Gíslasaga. Auk þess var ýmiskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum.

Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 3A og B (nemendabók og æfingahefti). Fyrir nemendur með aðlagð námsefni voru bækurnar Stærðfræði 8+ og 9+ notaðar. Námsstílhögun: Öllum nemendum kennt saman 5 kennslustundir á viku. Framan af vetri var hægt að fara í námsver í fjórum af þeim tímum en um áramót fækkaði þeim tímum niður í þrjá. Farið var í nokkur skapandi verkefni t.d. spilaverkefni tengt líkum, jólaverkefni þar sem nemendur hönnuðu jólakort.

Námsmat: Símat: kaflapróf og verkefni.

Kennarar: Jón Hálfðán Pétursson og Salome Elín Ingólfssdóttir. Indíana Einarsdóttir í námsveri.

Enska

Námsefni: Spotlight 9 lesbók og vinnubók ásamt öðru efni.

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni.

Kennarar: Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Danska

Dönskukennarar voru Áróra Hrönn Skúladóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson. Kennt var 3 kennslustundir á viku.

Námsefni: TAK B lesbók og vinnubók, önnur verkefni unnin í hópavinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Nemendur skiluðu verkefnum rafrænt á Classroom, unnu með t.d. Google Sheets, Google Docs, Google Slides, Canva og Book Creator, CapCut og fleira.

Námsmat: Símat yfir veturinn á verkefnum nemenda og kynningum á verkefnum.

Íþróttir

Útiíþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir

Skólasund

Nemendur voru í sundi einusinni í viku þar sem þeir tóku 10. sundstigið. Áhersla var lögð á fjölbreyttar sundaðferðir, þolsund, köfun, björgunarsund sem og aðra öryggisþætti er koma að vatni.

Námsmat: Símat yfir veturinn, ástundun, virkni og viðhorf.

Kennari: Árni Heiðar Ívarsson

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22. ágúst Skólasetning
- 17. september Ólympíuhlaup ÍSÍ
- 25. september Fjallganga yfir Breiðadalsheiði
- 1. október Samráðsdagur
- 9. október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 17.-22. október Haustfrí
- 5.-6. nóvember Þemadagar
- 19. desember Litlu jólin

- 20.des-5.jan Jólafri
- 9.febrúar Samráðsdagur
- 10.-13.febrúar Stuttmyndanámskeið RIFF
- 22.feb-2.mars Vetrarfrí
- 25.&26.mars Árshátíð
- 28.mars-6. apríl Páskafri
- 24.apríl Skíðadagur
- 27.maí Haukadalur
- 2.júní Íþróttadagur á unglingastigi
- 3.júní Hjóladagur í Tunguskóg
- 4.júní Raggagarður með vinabekk
- 5. júní Skólaslit í Ísafjarðarkirkju

Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

10. bekkur

Nemendur árgangsins voru 45 talsins, 23 strákar, 21 stelpa og einn kynsegin nemandi. Umsjónarkennarar voru Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson. Stuðningsfulltúi var Alma Björk Sigurðardóttir. Tveir nemendur komu inn í bekkinn frá öðrum skólum og var annar nemandinn hluta úr vetri tvo daga í viku en hinn nemandi kom og var í nokkra mánuði en lauk skólagöngu sinni frá öðrum skóla.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

Danska – Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir/Jón Ólafur Eiríksson

Enska – Sara Rós Sigurðardóttir og Áróra Hrönn Skúladóttir

Heimilisfræði – Edda Björk Magnúsdóttir

Íslenska – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Guðrún Ósk Ásmundsdóttir

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir

Lífsleikni – Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Myndmennt – Solveig Edda Vilhjálmsdóttir

Stærðfræði – Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Textílmennt – Kjartan Ágúst Pálsson

Tæknimennt – Jón Heimir Hreinsson

Valgreinar – margir kennarar

SNU – (sambætting í samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni) – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Guðrún Ósk Ásmundsdóttir

Útivist – Jón Hálfán Pétursson og Lillý Viðarsdóttir

Eftirtalin fög voru kennd: SNU (sambætting í samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni) 6 stundir, stærðfræði 6 stundir, enska 4 stundir, lífsleikni 1 stund, íþróttir 2 stundir, danska 3 stundir og útivist ein stund. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám, íþróttaiðkun og björgunarsveit metna í vali.

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 213 og 216. Nemendum var skipt upp í tvo námshópa eftir námsgreinum. Tveir kennarar voru að með hópinn, þ.e einn með hvorum námshóp. Nemendur höfðu afnot af Chromebook fartölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnalýsingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides, Canva, Book Creator, CapCut og fleira.

Íslenska

Námsgögn: Kjalnesingasaga, Málið í mark, Englar Alheimsins, Völuspá, Valin ljóð frá Hallgrími Péturssyni til 20 aldar. Fingrafimi ásamt ritunaræfingum og verkefni tengt orðaforða og málvari.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum bæði var unnið einstaklingsverkefni og hópaverkefni með fjölbreyttum skilum.

Námsmat: Símat, kaflapróf og verkefni. Lokapróf í lesskilningi (ólesinn texti og ljóð) málfræði og málnotkun.

SNU

SNU er samþætting námsgreinanna náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu námsefni í eina til þrjár vikur í senn. Reynt var að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Auk þess var ýmiskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum. Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig. Námshögun: Maður og náttúra kaflar 1, 2, 4, 5, Eðlisfræði 2 kaflar 3. Á ferð um samfélagið valið efni úr kafla 1-3 og kafla 8. Hinsegin fræðsla og stórt verkefni vegna Alþingisheimsóknar. Frelsi og Velferð, kalda stríðið og deilur í Mið Austurlöndum.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum bæði var unnið einstaklingsverkefni og hópaverkefni með fjölbreyttum skilum.

Námsmat: Símat, kaflapróf, heimildaritgerð og verkefni

Stærðfræði

Námshögun: Skali 3A, Skali 3B, Átta til tíu hefti 3, 4, 5, og 6. Almenn stærðfræði 1, 2 og 3. Einnig voru lögð fyrir ýmis verkefnablöð.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum 6 kennslustundir á viku. Nemendur unnu líka hópaverkefni úr námsefni svo sem útinámsverkefni, fjármálaverkefni og gjafaöskjuverkefni. Skil þeirra verkefna fóru jafnan fram með kynningu hópa á vinnu sinni fyrir samnemendur.

Námsmat: Símat, kaflapróf og verkefni. Lokapróf í maí.

Enska

Námsefni: Spotlight 10 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum, kvikmyndum og öðru efni

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni og lykilhæfni

Danska

Námsefni: SMIL lesbók og vinnubók, önnur verkefni unnin í hópavinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Óreglulegar sagnir, ritun og málfræði. Nemendur skiluðu verkefnum rafrænt á Classroom, unnu með t.d. Google Sheets, Google Docs, Google Slides, Canva og Book Creator, CapCut og fleira.

Námsmat: Símat yfir veturinn á verkefnum nemenda og kynningum á verkefnum.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarfundir og nemendur fengu sérstaka fræðslu um ofbeldi, afleiðingar þess og birtingarmyndir. Einnig var töluverð áhersla á fjáraflanir nemenda fyrir skólaferðalag.

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnast fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22. ágúst Skólaasetning
- 16. september Gönguferð Fellsháls – Nónvatn – Engidalur
- 17. september Skólahlaup ÍSÍ
- 1. október Samráðsdagur
- 9. október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 17. - 22. október Vetrarfrí
- 5. - 6. nóvember Þemadagar
- 18. desember Skreytingadagur
- 19. desember Litlu jólin
- 10. febrúar Foreldraviðtöl
- 26.-28. febrúar Vetrarfrí
- 5.mars MÍ - Opið hús fyrir nemendur 10.bekkjar
- 5.mars Háskóladagurinn
- 25. –26. mars Árshátíð
- 30. mars - 6.apríl Páskafri
- 14.apríl Lýðræðislestin, heimsókn frá Alþingi
- 20.-22.apríl Samtökin '78
- 11. maí Skólaferðalag á Bakkaflöt í Skagafirði
- 18. maí Lokapróf í íslensku
- 19.maí Lokapróf í ensku
- 20. maí Lokapróf í stærðfræði
- 1.júní 30 ára afmæli Ísafjarðarbæjar – söngur á torgi
- 1.júní Hjólaferð um Skutulsfjarðareyri og í Hnífsdal
- 2. júní Leikjadagur 5.-10.bekkjar
- 3.júní Leikjadagur 1.-4.bekkjar aðstoð
- 5. júní Skólaslit

Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Stoðþjónusta

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Deildarstjóri stoðþjónustu starfaði í 100% starfshlutfalli á skólaárinu og hélt hann utan um stoðþjónustu skólans, þar með talið störf þroskaþjálfara, sérkennara og stuðningsfulltrúa. Deildarstjóri stoðþjónustu tekur ákvarðanir um og ber ábyrgð á veittri stoðþjónustu skólans og úthlutun tíma í stoðþjónustu. Deildarstjóri stoðþjónustu hefur yfirsýn yfir nemendur sem eru í samþættri þjónustu í skólanum, er tengiliður við fagaðila utan skólans, svo sem á sviði félagsmála- og heilbrigðisþjónustu. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur líka utan um vinnu nemendaverndarráðs, stýrir fundum þess og dagskrá.

Megináhersla deildarstjóra stoðþjónustu á skólaárinu var að halda áfram að skerpa línur um stoðþjónustuna og skýra betur hvað telst til stoðþjónustu og hvað heyrir undir önnur verksvið, til að mynda verksvið náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara og annarra aðila. Einnig var það markmið

deildarstjóra að auka skilning starfsfólks á stoðþjónustu, rétti til hennar, störfum stuðningsfulltrúa og hvað telst til stuðnings við nemendur í grunnskólum, ábyrgð ólíkra aðila á stuðningi við nemendur og fleira.

Úthlutaðir tímar í stoðþjónustu fyrir skólaárið voru alls 128. Var það nýtt með eftirfarandi hætti. Sérkennari á yngsta stigi var með 23 tíma í töflu (var í veikindaleyfi hluta úr vetri) og annar sérkennari á yngsta stigi með 21 kennslustund, sérkennari á miðstigi með 26 tíma, sérkennari á unglingastigi með 26 tíma, sérkennari í íslensku sem öðru máli með 24 tíma, einn sérkennari starfaði frá febrúar og til skólaloka og var með 8 kennslustundir í töflu og þroskaþjálfari starfaði við skólann og var með 26 tíma í töflu en þeir tímar eru ekki hluti af úthlutun kennslu.

Stoðteymi

Stoðþjónusta skólans var af fjölbreyttum toga eins og fyrri ár. Við skólann í vetur störfuðu þroskaþjálfari og fimm/sex sérkennarar. Saman mynduðu þessir starfsmenn stoðteymi skólans ásamt deildarstjóra. Fjórir sérkennarar voru í fullu starfshlutfalli og einn í 80% starfi en að auki kom einn til viðbótar í sérverkefni með tvo nemendur hluta úr vetri. Deildarstjóri stoðþjónustu, fjórir sérkennarar og þroskaþjálfari voru tengiliðir samþættrar þjónustu.

Þroskaþjálfari skólans vann þvert á allan skólann út frá þörfum nemenda fyrir þjónustu af hans hálfu. Sérkennurum var skipt á milli árganga þar sem sú skipting var talin henta vel miðað við fjölda umsókna um sérkennslu annarsvegar og sérþekkingu hvers og eins út frá aldri nemenda hinsvegar. Skiptingin var með þeim hætti að einn sérkennari sinnti 1. og 3. bekk, annar sinnti 2. og 4. bekk, sá þriðji 5.-7. bekk og sá fjórði 8.-10. bekk. Allir fjórir sérkennararnir veittu sérkennslu í íslensku og stærðfræði ýmist inni í bekk, í sérstofu eða í námsveri þar sem unnglingastigið fékk sérkennslu. Á yngsta stigi var sérstök áhersla á lestur, orðaforða og félagsfærni. Fimmti sérkennarinn sá svo alfarið um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT), þvert á skólann. Sú kennsla fór að mestu fram í námsveri en einnig fór sérkennarinn inn í bekk, sérstaklega á yngsta stigi og vann þar með nemendum.

Ýmsir þættir höfðu áhrif á störf stoðteymis á skólaárinu og þar af leiðandi á veitta stoðþjónustu. Til að mynda var einn sérkennari um tíma fenginn í bekkjarkennslu á unglingastigi vegna leyfa annarra kennara og sérkennari á yngsta stigi sinnti sérverkefni um tíma í tengslum við þarfir nemenda.

Deildarstjóri stoðþjónustu fundaði með stoðteymi skólans eftir þörfum yfir skólaárið eða alls fjórum sinnum. Þar voru rædd ýmis mál er snertu veitta stoðþjónustu, vinnubrögð, skipulag þjónustunnar og fleira. Á þessum fundum voru rædd ýmis málefni er varða m.a. skimanir, leiðir til að vinna með nemendur með sérþarfir, starfsmenn leituðu ráða hver hjá öðrum og ýmis mál rædd er tengdust starfinu hverju sinni. Aðrir aðilar í stoðteymi skila sér skýrslum um sín störf.

Ýmis úrræði stoðþjónustu

Á öllum skólastigum var aðferðum blandað saman eftir þörfum og mati fagfólks innan skólans. Sérkennarar á öllum stigum voru því að einhverju leyti að fara inn í bekk og vinna með nemendum þar en að einhverju leyti að bjóða nemendum með sér í annað rými þar sem vinna fór fram í litlum hópum eða með einstaklingskennslu. Hluti nemenda fékk samfellda þjónustu sérkennara í gegnum skólaárið á meðan unnið var með aðra nemendur hluta skólaársins eða í lotum, út frá mati á þörfum hvers og eins. Vinna þroskaþjálfara með nemendum fór að miklu leyti fram í sér rými þroskaþjálfara en hann fór þó einnig í kennlustofur og víðar um skólann með þjálfunina eftir því hvað verið var að þjálfa hverju sinni.

Á skólaárinu bauðst nemendum á unglingastigi að sækja sér tíma í heimilisfræði og smíði, á miðstigi bauðst nemendum textílmennt allt skólaárið og myndmennt á vorönn. Þessir tímar voru 80 mínútur á viku, sem aukning við verklegt nám á kostnað bóklegs náms. Fjórir nemandur voru á samningi um atvinnutengt nám á skólaárinu, einn nemandi í 9. bekk var tvo skóladaga á viku í atvinnutengdu námi en hinir þrír sem voru í 10. bekk voru einn skóladag í atvinnutengdu námi.

Önnur úrræði á vegum stoðþjónustu voru af ýmsum toga. Til að mynda voru nokkrir nemendur í fámennum sund- og íþróttatímum. Skert stundatafla var einnig nýtt í einhverjum tilvikum, sumir þurftu sér námsrými, þó nokkuð var um aðlagð námsefni og kröfur, sem og einstaklingsnámskrár og

fagskiptar námsáætlanir. Margir nemendur á yngsta stigi nýttu sér heyrnartól (Peltor), pásur og rölt á milli verkefna í samráði við kennara og margt fleira. Þá sótti einn nemandi á yngsta stigi og annar á miðstigi tíma hjá sjúkráþjálfara á skólatíma og útvegaði stoðþjónustan stuðningsfulltrúa til að fylgja nemendum í þá tíma.

Deildarstjóri stoðþjónustu nýtti lista yfir margskonar stuðning og úrræði með nemendum skólans sem er undir heitinu Úrræðalisti GÍ. Var úrræðalistinn kynntur kennurum á kennarafundi og þeir hvattir til að nýta hann í vinnu með nemendum og á fundum með foreldrum eftir því sem á þyrfti að halda. Skrá þurfti hvaða úrræði á listanum var búið að reyna þegar kom að því að sækja um stoðþjónustu fyrir næsta skólaár sem og fyrir tilvísun í sérfræðiþjónustu skólans hjá skólaskrifstofu.

Stuðningsfulltrúar

Á skólaárinu störfuðu 25 stuðningsfulltrúar við skólann, í mismiklu starfshlutfalli og í mislangan tíma. Deildarstjóri stoðþjónustu hélt utan um störf þeirra. Deildarstjóri fundaði fjórum sinnum með stuðningsfulltrúum til að ræða ýmis mál varðandi starfið og hafði samskipti við þá og kom skilaboðum til þeirra í gegnum Avia.

Stuðningsfulltrúar eiga rétt á undirbúningstíma innan síns vinnutíma ef verkefni þeirra krefjast þess. Allir þeir stuðningsfulltrúar sem vildu festa undirbúningstíma inn í töflu fengu það aðrir sömdu við sína umsjónarkennara um vinnutilhögun. Þó nokkrir stuðningsfulltrúar unnu þannig störf að ekki þurfti undirbúningstíma.

Sérfræðiþjónusta

Ekki var starfandi talmeinafræðingur í föstu starfi hjá Ísafjarðarbæ á skólaárinu. Ísafjarðarbær samdi við talmeinafyrirtækið Tröppu um fjarþjálfun fyrir nemendur. Nemendur yngsta stigs og miðstigs sóttu þannig talþjálfun hjá Tröppu í fjarfundi með foreldrum á skólatíma. Oftast var viðtalsherbergi notað til þjálfunar en sumir foreldrar kusu að taka þjálfunina heima í upphafi eða lok skóladags. Nemendur unglingastigs sóttu tíma án foreldra og var þá starfsmaður skóla með nemandanum í upphafi tíma til að koma honum af stað.

Tveir skólasálfræðingar voru með reglulegar komu í skólann á skólaárinu. Það voru Sólveig Norðfjörð og Björg Norðfjörð en Sólveig var mun meira hér í skólanum, auk þess sem hún kom líka mikið inn í mál í samþættri þjónustu sem einn af tveimur innleiðingarstjórum sveitarfélagsins í samþættri þjónustu. Skólasálfræðingar mættu í skólann alls 19 sinnum yfir skólaárið, mislengi í senn. Alls voru skólasálfræðingar með vinnslu í 42 málum á skólaárinu.

Þverfaglegt samstarf

Deildarstjóri stoðþjónustu stýrði fundum og dagskrá nemendaverndarráðs skólans. Nemendaverndarráð fundaði alls sjö sinnum á skólaárinu eða um það bil mánaðarlega á miðvikudögum. Í nemendaverndarráði skólaársins sátu, ásamt deildarstjóra stoðþjónustu; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngsta stigs, deildarstjóri unglingastigs, náms- og stafsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá skólaskrifstofu og fulltrúi frá barnavernd.

Teymi og samþætt teymi um mál nemenda innan skólans voru 75 og skiptist teymisstjórn niður á fjóra sérkennara, þroskaþjálfara, deildarstjóra stoðþjónustu, deildarstjóra yngsta stig, deildarstjóra unglingastigs og aðstoðarskólastjóra. Fjöldi teyma hjá þeim sem tóku að sér teymisstjórn var mismikill eða allt upp í 16 mál.

Deildarstjóri stoðþjónustu var fulltrúi skólans í tveimur þverfaglegum samráðsteymum sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða heldur utan um. Annarsvegar geðheilsuteymi barna sem eru samráðsfundir fagaðila hér fyrir vestan með Barna- og unglingageðdeild (BUGL) og hinsvegar barnageðheilsuteymi sem er samráðsvettvangur aðila hér fyrir vestan um þjónustu við börn og unglinga sem þurfa á fjölþættri aðstoð að halda, með áherslu á almenna heilbrigðisþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og lyfjagjöf. Allir fundir með BUGL fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað en fundir með barnageðheilsuteymi voru á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Hlutverk deildarstjóra

stoðþjónustu í báðum teyllum var meðal annars að afla upplýsinga um gengi nemendanna í skólanum, með tilliti til náms, félagslegra samskipta og mætinga og koma með það sjónarhorn inn í þverfaglegar umræður um málin. Þessa fundi sátu auk deildarstjóra stoðþjónustu, fulltrúi frá barnavernd, fulltrúi í fötlunarmálum, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur á heilsugæslu og aðrir eftir þörfum eins og barnalæknir.

Samþætt þjónusta

Innleiðing á samþættri þjónustu er komin á lokakaflann og er sú vinna orðin að veruleika, þar sem fyrstu málin í samþættri þjónustu innan skólans voru undirrituð á haustönn 2024. Samþætt þjónusta er að verða samofin skólastarfinu og 62 mál komin í samþætta þjónustu og fleiri á leiðinni næsta haust. Mál á 1.stigi samþættrar þjónustu eru 41 talsins. Mál á 2. stigi eru 15 og á 3. stigi eru 6 og er málstjóri í þeim málum ýmist frá fötlunarþjónustu eða barnavernd.

Enn er að slípast til samstarf og verklag á milli tengiliða og málstjóra varðandi hvernig best er að vinna saman að samþættingu. Með meiri reynslu skýrist betur hvernig samstarfi og verkaskiptingu um þessi mál er best háttað á milli málstjóra og tengiliða. Samstarf milli sviða hefur verið mjög gott.

Samstarf deildarstjóra, tengiliða og málstjóra gekk vel á skólaárinu og eðlilegt að ýmislegt komi upp sem þarf að huga að þegar ný lög og vinnulag á borð við samþætta þjónustu eru innleidd. Samstarfið mun halda áfram að slípast til eftir því sem meiri reynsla kemur á samþætta þjónustu.

Tengiliðir í samþættri þjónustu á skólaárinu voru níu, þ.e. Berglind Árnadóttir deildarstjóri stoðþjónustu, Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir deildarstjóri yngsta stigs, Jón Hálfðán Pétursson deildarstjóri unglingastigs, Helga Sigfríður Snorradóttir aðstoðarskólastjóri, Laufey Eypórsdóttir sérkennari, Magnúsína Laufey Harðardóttir sérkennari, Iwona Maria Samson sérkennari, Indíana Einarsdóttir kennari og Sóley Veturliðadóttir þroskaþjálfari.

Berlind Árnadóttir

Skýrslur sérkennara

Íslenska sem annað mál

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, orðaforði úr námsbókum nemenda, Kæra dagbók 1, Einmitt lærum íslensku 1a, 1b og 1c, Árstíðir, Litabækurnar af skólavefnum, Talking partners, Legó, Orðagull, Orðasjóður, Grapho game, ýmis spil, efni af vef og efni frá kennara.

Námstilhögun: Nemendur voru ýmist í einstaklings eða hópatímum í tveimur til tíu kennslustundum á viku í námsveri skólans.

Unnið var með íslenska stafrófið og hljóð stafanna, orðaforða og málörvun. Mikið var lesið og unnið með lesskilning, endursögn, orðaforða, ásamt því að vinna með einfalda málfræði. Þá voru stundum spiluð málörvunarspil. Einnig var mikið talað um allt mögulegt tengt námsefninu eða bara því sem var að gerast í samfélaginu.

Magnúsína Laufey Harðardóttir

Sérkennsla í 2.bekk

Kennari: Laufey Eypórsdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur, ýmskonar stafaverkefni, lestrarverkefni útbúin af kennara, skriftarbækur, málörvunarspil, efni af netinu og kennsluleg.

Námstilhögun: Árgangurinn fékk 11 kennslustundir á viku allan veturinn. Þær nýttust fyrir íslenskukennslu, félagshæfni og orðaforðavinnu fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál.

Sérkennsla í 4. bekk

Kennari: Laufey Eypórsdóttir

Námsefni: Stærðfræðibækur, stærðfræðispil, stærðfræðigögn, léttlestrarbækur, ýmiskonar stafaverkefni, lestrarverkefni útbúin af kennara, Lesrún, málörvunarspil, efni af netinu og kennslulegð. Námstílhögun: Árgangurinn fékk 11 kennslustundir á viku allan veturinn. Þær nýttust fyrir stærðfræði, íslenskukennslu, félagshæfni og orðaforðavinnu fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál.

Sérkennsla í 5. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 16

Námstílhögun í íslensku: Nemendur sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða lesskilnings. Alls fengu sextán nemendur sérkennslu og var þeim skipt í hópa, þar sem fjórir nemendur voru saman í stofu sérkennara hverju sinni.

Námstílhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði og höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Sérkennslan fór fram í stofu sérkennara þar sem fjórir nemendur voru saman í hóp, en alls fengu sextán nemendur þessa aðstoð.

Námsefni í íslensku: Málrækt, Orðspor, Smellur, Félagsfærnisþilið og annað námsefni frá sérkennara og kennara til að efla lestur og lesskilning

Námsefni í stærðfræði: Stika 1a og 1b nemendabók og æfingahefti og verkefni frá kennara og sérkennara.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Matsferli á vorönn.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Námsmat í stærðfræði byggðist á kaflakönnunum vetrarins og Matsferli á vorönn.

Vinnan gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 6. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 6

Námstílhögun í íslensku: Nemendur sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða lesskilnings. Alls fengu átta nemendur sérkennslu og var þeim skipt í hópa, þar sem fjórir nemendur unnu saman í stofu sérkennara hverju sinni.

Námstílhögun í stærðfræði: Stuðningurinn nýttist þeim nemendum sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði, þar sem höfuðáhersla var lögð á að þeir fylgdu námsáætlunum árgangsins. Alls fengu átta nemendur þessa sérkennslu og var þeim skipt í fjögurra manna hópa sem hittust reglulega í stofu sérkennarans.

Námsefni í íslensku: Málrækt, Orðspor, Smellur og Félagsfærnisþilið auk annarra verkefna frá kennurum til að efla lestur og lesskilning. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: nemendabækur og æfingahefti í Stiku 2a og 2b, ásamt viðbótarverkefnum.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Námsmat fólst í þremur lesfímiprófum yfir veturinn, Matsferli á vorönn og mati á fjölbreyttum verkefnum.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Námsmat í stærðfræði byggðist á kaflakönnunum vetrarins og Matsferli á vorönn.

Vinnan gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 7. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4

Námstilhögun í íslensku: Sérkennslan var ætluð nemendum sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða lesskilnings. Höfuðáhersla var lögð á að þeir fylgdu námsáætlunum síns árgangs. Alls fengu sjö nemendur þessa aðstoð og var þeim skipt í hópa, þar sem að hámarki fjórir nemendur voru saman í stofu sérkennara hverju sinni.

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Sérkennslan fór fram í stofu sérkennara þar sem fjórir nemendur voru saman í hóp, en alls fengu sjö nemendur þessa aðstoð.

Námsefni í íslensku: Málrækt, Orðspor, Smellur og Félagsfærnisþilið auk annarra verkefna frá kennurum til að efla lestur og lesskilning. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: Unnið með nemendabækur og æfingahefti í Stiku 2a, 2b, 3a og 3b ásamt viðbótarverkefnum.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Námsmat fólst m.a. í þremur lesfímiprófum yfir veturinn, Matsferli á vorönn og mati á ýmsum öðrum verkefnum.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Námsmat í stærðfræði byggðist á kaflakönnunum vetrarins og Matsferli á vorönn.

Vinnan gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 8. bekk

Kennari: Indíana Einarsdóttir

Námsgreinar: Stærðfræði og Íslenska

Kennslustundafjöldi: 11 tímar á viku. 3 í íslensku inn í bekk. Eftir áramót urðu 6 stærðfræði tímar fastir inn í bekk þar sem ég þurfti að taka yfir kennslunni í 8.bekk. 2 tímar fóru í félagsfærniþjálfun þar sem var skipt upp í stelpu og stráka hóp sem fengu sitthvorn tímann á viku.

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: stofa 211 og Námsver

Nemendafjöldi: 47 nemendur í stærðfræði og 16 nemendur í íslensku í Námsveri. 47 nemendur inn í bekk í íslensku.

Námsefni í stærðfræði: Skali 1A og 1B, Almenn stærðfræði I, stærðfræðiljósrit. Stærfræði 8+, Stærðfræði í dagsins önn.

Námsefni í Íslensku: Félagsfærnisþilið, Orðaforðaspil, tilfallandi verkefni frá umsjónarkennara.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Tóku kannanir eftir hvern námsþátt. Þrír voru með aðlagð námsmat.

Námsmat í íslensku: Áhersla var lögð á færnisþjálfun í gegnum spil og leiki. Allir nemendur fóru í námsmat á sama tíma. Tóku Orðarún einu sinni og fóru í matsferil.

Námstilhögun í íslensku: Áherslu var lögð á að auka orðaforða, lesskilning og félagsfærni með spjalli, spili og leikjum.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar samkvæmt aðalnámskrá. Sumir fengu minna magn að glíma við og 3 nemendur fengu sérútbúið/staðlað námsefni.

Sérkennsla í 9. bekk

Kennari: Indíana Einarsdóttir

Námsgreinar: Stærðfræði, íslenska í stað dönsku, íslenska.

Kennslufjöldi: 8 tímar á viku. 4 tímar í stærðfræði fyrir áramót, 3 tímar eftir áramót. 2 tímar í íslensku og 2 tímar í íslensku í stað dönsku.

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: Námsver

Nemendafjöldi: 12 í stærðfræði og 1 í íslensku fyrir dönsku og 7 í íslensku

Námsefni í Íslensku: Málfræðibókin mín 1. hefti, Barna orðabók, krossgátur, þrautir, heimatilbúið námsefni og þjálfunarefni í lestri og ýmskonar textar notaðir fyrir les- og hlustunarskilning

Námsefni í stærðfræði: Skali 2a og 2B nemendabók og æfingaheftir. Almenn stærðfræði I og II, stærðfræði 9+ og Átta-tíu 3 og 4.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Fóru einnig í matsferilinn Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur með aðlagð námsefni tóku kannanir eftir hvern efnispátt og voru því með aðlagð námsmat.

Námstilhögur í íslensku: Nemendur nýttu tímana sem þau áttu í íslensku mjög illa og var lítið um að þau kæmu í Námsver og ekkert eftir áramót. Eftir áramót var það fast að einn nemandi kæmi 2var í viku í staðinn fyrir dönsku. Þar var lögð áhersla á lestrarþjálfun, auka færni í málfræði, orðaforða, æfa sig að tala íslensku og auka færni í stafsetningu.

Námstilhögur í stærðfræði: Nemendunum var skipt upp í stráka og stelpu hóp 6-8 í hvorum hóp. Flestir með staðlað efni en 3 fylgdu bekknum bara með minna magn að glíma við. Fengu 2 tíma hvor hópur á viku. Eftir áramót voru stelpurnar 1 sinnu í viku en komu oft í strákatímann á föstudögum.

Sérkennsla í 10. Bekk

Kennari: Indíana Einarsdóttir

Námsgreinar: Íslenska, íslenska í stað dönsku og Stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 8 tímar á viku. 4 tímar í stærðfræði, 2 tímar í íslensku og 2 tímar í staðinn fyrir dönsku.

Tímabil: allt skólaárið

Nemendafjöldi: 2 nemendur í tíma í staðinn fyrir dönsku, 3-5 nemendur í stærðfræði, 2-4 nemendur í íslensku.

Námsefni í íslensku: Ýmiskonar textar, Málfræðibókin mín, krossgátur og þrautir, ýmis spil og leikir, les- og skilningsefni.

Námsefni í stærðfræði: Skali 3A og 3B nemendabók og æfingarhefti, Almenn stærðfræði I og II. Sérbúið stærðfræði hefti, Átta – tíu 3 og 5.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Fóru einnig í matsferilinn.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Fóru einnig í matsferilinn. Nokkrir nemendur fengu aðlagðar kannanir.

Námstilhögun í íslensku: Áhersla var að auka lestur og orðaforða með lestri, spjalli og spilum.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðar efnisatriði stærðfræðinnar samkvæmt aðalnámskrá og fengu nokkrir nemendur minna magn að glíma við og/eða staðlað námsefni.

Skýrslur þroskajálfa

Í vetur hafa 17 nemendur verið í tímum hjá þroskajálfa, ýmist í einstaklingstímum eða tveir saman. Hver tími er 40 mínútur. Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur. Að meðaltali var fjöldinn þessi:

Fimm sinnum í viku	=	1 nemandi
Fjórum sinnum í viku	=	2 nemendur
Þrisvar sinnum í viku	=	1 nemandi
Tvisvar sinnum í viku	=	3 nemendur
Einu sinni í viku	=	10 nemendur

Börnin eru í 1. – 9. bekk.

Yngsta sig	=	8 nemendur
Miðstig	=	3 nemendur
Unglingastig	=	6 nemendur
Strákar	=	12
Stelpur	=	5

Þroskaþjálfari hafði aðkomu að 1 nemanda í viðbót með því að sitja í teymi og vera stuðningsfulltrúum til ráðgjafar. Þroskaþjálfari var tengiliður vegna 6 nemenda og voru haldnir alls 27 fundir í þeim teyðum. Því til viðbótar sat þroskaþjálfari 15 teymisfundir hjá öðrum nemendum. Í upphafi skólaárs sat þroskaþjálfari námskeið um uppbyggingastefnu og farsældarlögin/sambættingu. Nokkrum sinnum yfir skólaárið voru námskeið um One skráningarkerfið Þroskaþjálfari sat málþingið Gullkistan Vestfirðir í september og námskeið um leiðsagnarnám í mars. Þroskaþjálfari sat málþing Þroskaþjálfafélags Íslands í mars og flutti erindi þar um áskoranir og tækifæri í að vera þroskaþjálfari í smærri samfélögum. Á skólaárinu fór þroskaþjálfari í skólaheimsóknir í einhverfudeild Vogaskóla og í Klettaskóla. Þroskaþjálfari sat í teymi um uppbyggingarstefnuna þetta skólaárið. Sóley Veturliðadóttir

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2023 til 2024 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Viðfangsefni vetrarins voru frá öllum skólastigum og verkefnið mismunandi eftir aldri og aðstæðum.

Yngsta stig: Á yngsta stigi eru verkefnið aðallega fólgin í því að aðstoða börnin við að venjast skólagöngu, sitja kyrr, hlusta á kennarann og annað starfsfólk, fylgja fyrirmælum og þess háttar. Þó koma ætíð upp samskiptaörðugleikar sem þarf að leysa úr, sérstaklega í frímínútum og vanlíðan í stöku tilfellum.

Miðstig: Á miðstigi eru vandamál sem upp koma farin að vera meira í formi samskiptaörðugleika, vanlíðunar auk þess að læra að setja sjálfum sér og öðrum viðeigandi mörk í hegðun. Þá eru námsörðugleikar einnig að koma skýrar í ljós eftir því sem námsefnið verður flóknara og meira krefjandi.

Unglingastig: Í upphafi skólaárs eru tekin stutt viðtöl við nemendur í 8. 9. og 10. bekk. Rætt er um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og útkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Öllum er ætíð boðið að sækja þjónustu námsráðgjafa að vild.

Námsráðgjafi hittir börn einslega, tvö og tvö saman eða í litlum hópum eftir því hvað umsjónarkennari telur henta best í hvert sinn. Viðtöl við kennara fara nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt er við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til eða foreldrar æskja þess.

Önnur störf: Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi, fundi eineltisteymis, og forvarnarteymis gegn kynferðisofbeldi auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og lagði fyrir skimunarpróf úr Talnalyklinum í 3. og 6. bekk. Náms- og starfsráðgjafi hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Inga Bára Þórðardóttir

Sérgreinar

Heimilisfræði

1.bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Í vetur voru 32 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hóp á hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili. Stuðst var við

kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um og einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig heilmikið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori

2.bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Í vetur voru 48 nemendur í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en öllu meiri áhersla var lögð á verklega kennslu og hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreyta sig á ýmsum einföldum réttum og bakstri. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda og áhersla var á hollustu og heilbrigði. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

3.bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 38 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og öðluðust frekari leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Einnig var farið inn á varnir og viðbrögð í sambandi við þær hættur sem leynast á heimilum og í nágrenni þeirra. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

4. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 42 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil yfir vetrinn. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengu áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Komið var inn á umhverfismennt, flokkun og fleira þess háttar og kolefnissporið var kynnt. Nemendur fengu fræðslu um mikilvægi þess að koma með hollt og næringarríkt nesti í skólann. Gefin var lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu nemendur einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

5. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Í vetur voru 47 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Mest fór fyrir verklegri kennslu. Helstu markmið hennar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfa þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við

matreiðslustörf. Einnig að temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur gerðu verkefni um kostnaðarliði heimilishalds og einnig um heilbrigða lífshætti. Komið var lítillega inn á þjóðlegar, íslenskar hefðir í matargerð. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

6.bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 31 nemendur í 6. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur fengu heilmikla þjálfun í bakstri, eldamennsku, þrifum og öðru því sem við kemur vinnu í eldhúsi. Kynntar voru Ráðleggingar um mataræði frá Embætti landlæknis og unnu nemendur verkefni út frá þeim. Einnig fengu nemendur almenna fræðslu um heilbrigða lífshætti og hversu miklu máli þeir skipta fyrir heilsuna. Farið var yfir helstu hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi og rætt um varnir og viðbrögð við þeim. Nemendur fengu einnig kynningu á kolefnissporinu. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

7.bekkur

Kennari: Edda Björk Magnúsdóttir

Í vetur voru 30 nemendur í 7.bekki. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Helstu markmið kennslunnar í 7.bekki voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring, hreyfing og hvíld er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Unnið var með helstu hugtök í næringarfræði og skoðað hvar þessi næringarefni er helst að finna í fæðunni. Útlit, gæði og geymsla matvæla voru tekin fyrir. Áhersla var á að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum og sýnt góð og markviss vinnubrögð. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

Valgrein í hræringi á miðstigi (5.-7.bekkur) Ræktun og bakstur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Á skólaárinu voru 46 nemendur í vali/hræringi á miðstigi í valfaginu Ræktun og bakstur. Nemendur bökuðu allskonar brauð og kökur en einnig lærðu þau um sáningu og umhirðu plantna. Nær allir nemendur tóku með sér einhvers konar plöntur heim. Að vori settu þau niður plöntur í kerin á skólalóðinni. Ekkert formlegt námsmat var í valfaginu.

8.bekkur

Kennari: Edda Björk Magnúsdóttir

Í vetur voru 48 nemendur í 8.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum.

Farið var markvisst í fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og áhrif góðrar næringar á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur kynntust helstu hugtökum í næringarfræði og fengu fræðslu um hvar þessi næringarefni er að finna í fæðunni. Farið var yfir íslenskar ráðleggingar um mataræði og næringarefni auk þess sem rætt var um hvað nemendur vilja fá út úr matnum sem þeir borða og til hvers þeir þurfa að nota orkuna. Nemendur fengu annars áframhaldandi þjálfun í matreiðslu og bakstri með áherslu á snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

Valgrein á unglíngastigi (9.-10.bekkur)

Kennari: Edda Björk Magnúsdóttir

Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglingastigi 80 talsins, þar af voru 6 frá Suðureyri. Nemendum var skipt niður í 6 hópa, 3 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur hálfan veturinn.

Kennslan var að langmestu leyti verkleg. Áhersla var lögð á góða næringu og voru flestar uppskriftir sem unnið var með hollar og næringarríkar. Einnig fengu nemendur þjálfun í því að útbúa rétti án hefðbundinnar uppskriftar. Verkleg kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu, kynnu að þrifa í kringum sig og fengju tækifæri til þess að þjálfra eigin sköpunarhæfni.

Auka heimilisfræði fyrir nemendur í 9.-10.bekk

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Í vetur voru 9 nemendur í sérkennslu á unglingastigi í heimilisfræði. Nemendur fengu tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Markmið kennslunnar voru fyrst og fremst þau að efla sjálfstæði nemenda og gera þau eins sjálfbjarga og hægt væri þegar kæmi að eldamennsku, bakstri og ýmsu því sem tengist eldhúsi. Verkleg kennsla var í öllum tímum þar sem nemendur elduðu og/eða bökuðu oftast eftir uppskriftum en stundum fengu þeir aðeins grófar leiðbeiningar og hráefni í hendurnar og þurftu að útbúa máltíð úr því. Meðfram verklegu kennslunni var laumað inn fróðleik í sambandi við hollustu og heilbrigði og ýmislegt annað.

Stuðningsfulltrúi var í nær öllum tímum sem nýttist afar vel.

Edda Björk Magnúsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útiíþróttir að hausti, inniíþróttir frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu, engin slys eða árekstrar. Þó er mikilvægt að auka við búnað og tæki til íþróttakennslu. Sparkvöllur og körfuboltavöllur við lóð grunnskólans var mikið notaðir við útikennslu sem og önnur útisvæði. Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálsar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.

1.-4. bekkur tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ, áður Norræna skólahlaupið, sem er í september ár hvert. Í byrjun Júní var haldinn íþróttar og leikjadagur á Torfnesi frá 9:00 – 11:30 og heppnaðist hann vel. 1 bekkur tók sitt árlega hreyfiþroskaþróf.

Kennarar: Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir, Lillý Viðarsdóttir og Jón Hálfán Pétursson.

Íþróttir 5.-10. bekkur:

Kennslan var með hefðbundnu móti, útiíþróttir að hausti, inniíþróttir frá október til maí og útiíþróttir að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Þó er mikilvægt að auka við búnað og tæki til íþróttakennslu. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp.

10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi, Þriðji íþróttatíminn var í formi útivistar. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun. Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Ólympíuhlaup ÍSÍ sem haldið er í september og Skólahreysti í maí. Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þetta skólaárið í október til mikillar gleði og tókst vel til. Grunnskólinn á Ísafirði komst í úrslitakeppni Skólahreystis þetta árið og gekk vel. Haldinn var íþróttadagur á Torfnesi fyrir 5.-10.bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar

íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Sund 1.-4. bekkur:

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Sundhöllin var lokað frá 20 des og kennsla hófst aftur eftir páskafrí. Einnig lokaði hún aftur í tvær vikur vegna mistaka vegna málningarvinnu. Einnig féllu stakir dagar út vegna annara bilana. Nemendur fengu útivist, félagsstarf eða íþróttir í staðinn. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi.

Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Einnig var notast við önnur hjálpartæki. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 2.Júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Sund 5.-9. bekkur:

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglunga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5, 7 og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spennan fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í níðþungum fötum. Björgunarsund ásamt öðrum þáttum er snúa að öryggi í vatni teknir fyrir. Sundhöllin var lokað frá 20 des og kennsla hófst aftur eftir páskafrí. Einnig lokaði hún aftur í tvær vikur vegna mistaka vegna málningarvinnu. Einnig féllu stakir dagar út vegna annara bilana. Nemendur fengu útivist, félagsstarf eða íþróttir í staðinn.

Kennarar: Sigríður Guðjónsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson.

Annað.

Í vetur var boðið upp á val í frjálsum íþróttum, pílukast, útivist og skólahreysti í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í frjálsum íþróttum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Einnig var boðið upp á áfangann líkamsrækt og þjálfun á unglingastigi sem valgrein. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku hjá krökkunum á miðstigi og einn til tvo á unglingastigi.

Kennarar Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson, Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir.

Hönnun og smíði

1.bekkur

Kennari: Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir

Í vetur voru nemendur í 1.bekk 32. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir í viku á tveimur tímabilum, haustönn og vorönn. Tímarnir fóru fram mest megnis í náttúrufræðistofunni en þau fengu að fara 2x í smíðastofuna yfir árið. Námsgögn voru þau verkfæri sem henta nemendum í 1. bekk. Nemendur unnu 3 skylduverkefni yfir tímabilin, 1 að hausti og 2 að vori. Einnig var í boði að lita, leira og byggja með legokubbum í frjálsum tíma. Verkefnin sem unnin voru, voru skórin minn (til þess að æfa sig að reima), mósaíkmynd og vorblóm. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Krakkarnir fengu 2 samfelldar kennslustundir, 2x á skólaárinu, í smíðastofunni þar sem þau fengu aðstoð frá vinabekknunum sínum, 8.bekk. Krakkarnir í 8. bekk leiðbeindu þeim við að saga út með útsögunarsög skóinn úr skórin minn verkefninu á haustönn og vorblóm á vorönn. Nemendur

fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

2.bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir

Í vetur voru nemendur í 2.bekk 48. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir 2x á viku á tveimur tímabilum. Tímarnir fóru fram mest megnis í náttúrufræðistofunni en þau fengu eitthvað að kíkja í smíðastofuna þegar hún var ekki upptekin. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 2. bekk. Nemendur unnu 2 skylduverkefni yfir tímabilin (milluspil og stafurinn minn) og þegar nemendur kláruðu verkefni fengu þeir að lita, leira og byggja úr lego í frjálsum tíma. Einnig fengu þau að gera 1-2 íspinnaspýtuverkefni (skjaldböku, myndaramma, bókamerki eða flugvél). Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

3.bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir

Í vetur voru 38 nemendur 3.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir 2x á viku á tveimur tímabilum. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 3. bekk og höfðum til umræða í smíðastofunni. Kennsla fór bæði fram í náttúrufræðistofu og smíðastofu. Í grunninn byggðist námið upp af 2 skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls íspinnaspýtu-aukaverkefni. Einnig var í boði að lita, leira og byggja úr lego í frjálsum tíma. Verkefnin voru sprellikall á haustönn og pennastatíf á vorönn. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

4. bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir

Í vetur voru 42 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir 2x á viku á tveimur tímabilum. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 4. bekk og höfðum til umræða í smíðastofunni. Í grunninn byggðist námið upp af 2 skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru, voru dúkkurúm á haustönn og lyklahús á vorönn. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

5. bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir

Í vetur voru 47 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir 2x á viku á tveimur tímabilum. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umræða í smíðastofunni. Í grunninn byggðist námið upp af 2 skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru, voru æfingastykki á tifsög, tímaritabox, stopmotion mynd þar sem nemendur gerðu söguþráð, sköpuðu persónur og söguvið úr alskyns efni sem fallið hefur til í smíðastofunni. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra, ef tími gafst. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla,

verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

6.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 30 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu 3 kennslustundir í viku í hringekju, skipt í 3 tímabil. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru sérílampi, eldhúsrúllustandur og frjálst verkefni ef tími gafst með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

7.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 28 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tveimur tímabilum. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru kassi/box með loki, Skurðar/skrautbretti og frjálst verkefni ef tími gafst með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

8. bekkur

Kennari Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 46 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 4 kennslustundir í viku skipt í 4 tímabil yfir. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu það verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru, voru hilla og svo frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni ef tími gafst með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

9.-10. bekkur

Kennari Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 59 nemendur í smíði og hönnun á unglingastigi. Þeim var skipt niður í 4 hópa, 2 hópar á haustönn og 2 á vorönn. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól

og tæki sem henta nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af frjálsum verkefnum eða með það að markmiði að læra og æfa sköpun og að skipuleggja sig í vinnu. Meðal þess sem unnið var má nefna; taflborð og taflmenn, kökubakkar, lyklakippur, stólar, kistlar og kassar, myndarammar, borð og hillur Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Textílmennt

3.bekkur

Nemendur í 3. bekk lærðu að meðhöndla nál, greina á milli réttu og röngu á efni og þræða nál. Unnið var verkefni þar sem þau saumuðu út nokkrar gerðir af sporum, meðal annars krosssaum. Verkefnið mun fylgja þeim áfram á næsta skólaári þegar þau hefja vinnu með vélsaum.

Við unnum einnig vefnaðarverkefni þar sem nemendur kynntust grunni textílvinnu með því að vinna á lítil spjöld. Þau verkefni taka þau einnig með sér á næsta ár þar sem unnið verður frekar með þau.

Lögð var áhersla á umræður um endurnýtingu og mismunandi tegundir efna. Í því samhengi unnu nemendur verkefni þar sem þau settu hugmynd á blað með teikningu og útfærðu hana síðan í textíl. Þar fengu þau að æfa meðferð skæra og vinna með mismunandi efni. Að lokum skráðu þau niður hvaða efnistegundir þau höfðu notað í myndina sína.

4.bekkur

Nemendur í 4. bekk lærðu á saumavél. Fyrsta verkefnið var að sauma sæng og kotta í tvívídd, sem var samvinnuverkefni með smíðum. Annað verkefnið fólst í að læra grunnatriði þrjóns og vinna krosssaumsverkefni þar sem lögð var áhersla á notkun nálar og mismunandi gerðir spora.

Einnig var rætt um nýtingu textíls og hvernig hægt væri að endurnýta efni, sem verður nýtt sem undanfari fyrir verkefni á næstu önn.

5.bekkur

Nemendur í 5. bekk rifjuðu upp notkun saumavélarinnar, meðal annars þræðingu bæði á spólu og vélina sjálfa. Þau saumuðu mismunandi spor og fengu útskýringar á tilgangi þeirra. Nemendur saumuðu bútasaumskotta þar sem þau tóku upp snið sjálf, bættu við saumföllum og yfirfærðu sniðið yfir á efni. Hin hlið koddans var tai-dye lituð og verkefnið miðaðist við aldur og getu nemenda. Koddarnir urðu flóknari eftir því sem nemendur urðu eldri og meiri kröfur voru gerðar til útfærslu og vinnubragða.

Þau æfðu einnig handsaum þar sem unnið var með nokkrar tegundir spora og lærðu meðal annars að festa tölur. Þá lærðu þau grunntökin í þrjóni. Farið var yfir textíl og endurnýtingu þar sem notuðum flíkum var breytt og rætt um áhrif textíliðnaðarinnar á umhverfið og hvað við getum gert til að hafa jákvæð áhrif. Þegar nemendur höfðu lokið skylduverkefnum bauðst þeim að vinna aukaverkefni þar sem þau gátu saumað eftir eigin hugmyndum og áhugasviði.

6.bekkur

Nemendur í 6. bekk lærðu á saumavél, meðal annars þræðingu bæði á spólu og vélina sjálfa. Þau saumuðu mismunandi spor og fengu útskýringar á tilgangi þeirra, auk þess sem farið var yfir helstu áhöld greinarinnar og mikilvægi þess að tileinka sér vönduð vinnubrögð.

Nemendur saumuðu bútasaumskotta þar sem þau tóku upp snið sjálf, bættu við saumföllum og yfirfærðu þau yfir á efni. Hin hlið koddans var tai-dye lituð og verkefnið varð flóknara með hækkandi aldri nemenda, bæði hvað varðaði snið, útfærslu og vinnubrögð. Í framhaldinu saumuðu þau eftir uppskrift og skreyttu verkefnin ef áhugi var fyrir hendi. Einnig unnu þau krosssaumsverkefni eftir eigin uppskrift og fengust við þrjón og hekl.

Farið var yfir endurnýtingu textíls og unnið með notaðar flíkur sem breytt var í nýjar vörur. Nemendur fóru í heimsókn til Vesturafis þar sem þau fengu kynningu á því hvað verður um föt eftir notkun. Út frá því fengu þau innsýn í textíliðnaðinn og ræddu hvað mætti gera betur. Að loknum skylduverkefnum var boðið upp á aukaverkefni þar sem nemendur gátu saumað eftir eigin hugmyndum.

7.bekkur

Nemendur í 7. bekk lærðu á saumavél, meðal annars þræðingu bæði á spólu og vélina sjálfa. Þau saumuðu mismunandi spor og fengu útskýringar á tilgangi þeirra, auk þess sem farið var yfir helstu áhöld greinarinnar og mikilvægi vandaðra vinnubragða.

Nemendur saumuðu bútasaumskotta þar sem þau tóku upp snið sjálf, bættu við saumförum og yfirfærðu yfir í efni. Hin hlið koddans var tai-dye lituð og verkefnið varð markvisst flóknara með aldri nemenda. Þau saumuðu einnig eftir uppskrift og skreyttu verkefnin ef áhugi var fyrir hendi. Handsaumaðar voru litlar fígúrir þar sem nemendur lærðu að meðhöndla nál, vinna með mismunandi gerðir spora og festa tölur. Einnig unnu þau krosssaumsverkefni eftir eigin uppskrift og fengust við þrjón og hekl.

Farið var yfir endurnýtingu textíls og notuðum flíkum breytt í nýjar. Nemendur heimsóttu Vesturafi þar sem þau fengu kynningu á því hvað verður um fatnað eftir notkun og fengu aukna innsýn í textíliðnaðinn og hvernig hægt væri að stuðla að betri nýtingu. Að loknum verkefnum var boðið upp á aukaverkefni þar sem nemendur gátu saumað eftir eigin hugmyndum og þróað eigin sköpun áfram.

8.bekkur

Nemendur í 8. bekk lærðu á saumavél, meðal annars þræðingu bæði á spólu og vélina sjálfa. Þau saumuðu mismunandi spor og fengu útskýringar á tilgangi þeirra, auk þess sem farið var yfir helstu áhöld greinarinnar og mikilvægi vandaðra vinnubragða.

Nemendur saumuðu bútasaumskotta þar sem þau tóku upp snið sjálf, bættu við saumförum og yfirfærðu yfir í efni. Hin hlið koddans var tai-dye lituð og verkefnið var flóknasta útgáfan af verkefninu þar sem gerðar voru auknar kröfur um sjálfstæði, útfærslu og nákvæmni. Þau saumuðu einnig eftir uppskrift og skreyttu verkefnin ef áhugi var fyrir hendi. Handsaumaðar voru litlar fígúrir þar sem nemendur lærðu að meðhöndla nál, vinna með mismunandi gerðir spora og festa tölur. Einnig unnu þau krosssaumsverkefni eftir eigin uppskrift og fengust við þrjón og hekl.

Farið var yfir endurnýtingu textíls og notuðum flíkum breytt í nýjar. Nemendur heimsóttu Vesturafi þar sem þau fengu kynningu á því hvað verður um fatnað eftir notkun og fengu aukna innsýn í textíliðnaðinn og hvernig hægt væri að stuðla að betri nýtingu. Að loknum skylduverkefnum var boðið upp á aukaverkefni þar sem nemendur gátu saumað eftir eigin hugmyndum og unnið sjálfstætt út frá áhugasviði sínu.

Samantekt

Með öllum árgöngum var farið yfir mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og textílstofunni. Nemendur gengu frá eftir sig og lögð var áhersla á að skilja við stofuna eins og komið var að henni. Ef mikið var í ólagi eftir tíma var leitast við að efla skilning þeirra á mikilvægi samvinnu og sameiginlegrar ábyrgðar á frágangi. Frá 4. bekk og upp úr var unnið með saumavélar og lögð áhersla á að skilja alltaf við þær óþræddar og með hlífina á. Kennsla í þræðingu gekk mjög vel og markmiðið er að aðeins þurfi að kenna 4. bekk grunnatriðin í upphafi annar, þó upprifjun verði áfram hluti af kennslunni.

Með öllum árgöngum var einnig farið yfir umhverfismál og mikilvægi sjálfbærni. Áhersla verður lögð á að efla þá vinnu enn frekar með fjölbreyttum verkefnum á komandi árum.

Myndmennt

3.-4. Bekkur

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggt úr endurnýttu efni. Mikið unnið með form og liti. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, hegðun og frágang. Samvinnuverkefni. Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á vetri.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

5.-7. bekkur

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð verk úr endurnýttu efni (skúlptúr). Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á vetri. Mikið málað með akrílmálningu á striga. Grunnur í listasögu með áherslu á Popplis (Andy Warhol o.fl.). Litafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, framkomu og frágang.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Valfag á unglingastigi í myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Mjög valkvæð vinna nemenda. Hver og einn fær að byggja upp eigin færni með leiðsögn kennara. Gegnumgangandi verkefni –Litafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, virðingu við umhverfi sitt og frágang.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Kennari: Solveig E. Söbech Vilhjálmsdóttir

Ýmsar valgreinar

Boltaval

Kennari: Jón Hálfán Pétursson

Nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við stærstu boltagreinar sem stundaðar eru. Tímarnir eru bóklegir, í þeim er farið yfir helstu deildir heimsins frá hinum ýmsu sjónarhornum. Það verður meðal annars farið yfir ýmsa tölfræði, árangur einstaklinga og liða ásamt sögu félaga og fleira.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Erasmus +

Kennari: Salóme Elín Ingóflsdóttir

Aðeins fyrir nemendur í 9. og 10. Bekk. Skólinn er aðildarskóli að Erasmus+ og næsta vetur hefst samstarfsverkefni með skólum í Þýskalandi og Portúgal. Unnið verður með Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Nemendur munu vinna fjölbreytt verkefni.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku allan veturinn

Fab Lab

Kennari: Solveig E. Söbech Vilhjálmsdóttir

Nemendur nýta sitt eigið frumkvæði og sköpun til að ná tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab. Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Fornám ökunáms

Kennari: Auður Yngvadóttir

Námskeiðið er ætlað 10. bekkungum sem undirbúningur til að hefja ökunám. Nemendur þurfa að vera meðvitaðir um umferðarmál í víðum skilningi þess hugtaks. Stefnt er á að gera þá betur í stakk búna til að hefja ökunám og að þeir verði betri ökumenn framtíðarinnar. Farið verður yfir þætti er varða umferð

og umferðarmenningu, slys og afleiðingar hraðaksturs, tryggingar og búnað ökutækja. Athugaður verður kostnaður við rekstur ökutækja. Farið verður yfir umferðarmerki og umferðarlög. Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Framtíðin í kvikmyndum

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Við skoðum framtíðina eins og hún kemur fram í kvikmyndum (bæði gömlum og nýjum). Hvernig leit framtíðin út í kvikmyndum sem gerðar voru fyrir 80 árum? Hvernig lítur framtíðin út í nýlegum bíómyndum?

Himingimurinn

Kennari: Kjartan Ágúst Pálsson

Fjallað er um fyrirbærið himingeimurinn. Hvernig er hann uppbyggður? Reikistjörnurnar í kringum okkur. Hvað eru stjörnur? Er líf á öðrum hnöttum og getur það þrífist á öðrum hnöttum? Getur maðurinn búið annars staðar en á jörðinni? Stjörnumerkin og annað sem tengist stjörnum himingeimsins.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

Keramík

Kennari: Solveig E. Söebeck Vilhjálmisdóttir

Lært á helstu tól og tæki til leirvinnslu. Útbúnir nytjahlutir, þeir síðan brenndir og málaðir.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Leiklist

Kennari: Halldóra Jónasdóttir

Leikverk valið og unnið í samráði við nemendur. Valið fer fram á haustönn og eru 2 kennslustundir á viku. Nemendur fá þjálfun og innsýn í að setja upp leikverk. Leiðsögn og kennslu á leikæfingum. Generalprufa og leiksýning við lok námskeiðs.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Líkamsrækt og þjálfun

Kennari: Sigríður Guðjónsdóttir

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki í neinu skipulögðu íþróttastarfi. Nemendur fá hjálp við að finna sína hreyfingu ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl. Farið í styrktarþjálfun, hjólaferðir, leiki og æfingar sem gera hreyfingu skemmtilegri. Heimsóknir í líkamsræktarstöðvar og fleira á svæðinu. Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma og aðgang að reiðhjól.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Námsaðstoð

Kennari: Jón Hálfaldán Pétursson

Aukatími fyrir þá sem þurfa meiri hjálp og tíma til að vinna í hinum ýmsu bóklegu greinum námsins. Valið kemur inn á stundatöflu og er mætingaskylda eins og í aðrar greinar.

Kennslustundafjöldi: 1 stundir á viku allan veturinn.

Seinni heimstyrjöldin

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Nemendur kynnist fjölbreyttu myndefni sem tengist seinni heimsstyrjöldinni, bæði bíómyndum og heimildarmyndum. Horft verður á valið myndefni, það rætt og verkefni unnin.

Skólahreysti

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Axel Sveinsson

Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Mikilvægt er að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því, fjallað er um upphitun, þol, kraft og hreyfiproska. Nemendur þurfa að taka ábyrgð á eigin þjálfun.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn

Skák

Kennt allt skólaárið.

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Nemendur fengu frjálsar hendur og tefldu, bæði voru notuð hefðbundin skákborð ásamt tölvuforrit. Þegar þurfa þótti var kennari með innlegg.

Spil

Kennarar: Kjartan Ágúst Pálsson og María Lárusdóttir

Nemendur kynnast allskonar spilum. Bæði sem eru spiluð með spilastokkum og borðspilum. Námsmatið byggir á áhuga og þátttöku.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Stuttmyndir

Kennt allt skólaárið

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Boðið var uppá stuttmyndir fyrir og eftir áramót. Nemendum voru kynntar ýmsar frásagnaraðferðir og margvísleg tæknileg atriði sem gott var að hafa í huga við stuttmyndagerð. Notast var við efni af netinu þar sem fjölgargar hliðar stuttmyndagerðar voru kynntar. Horft var á valdar verðlaunastuttmyndir eftir íslenska grunnskólanemendur. Nemendur höfðu talsvert frjálsræði við gerð stuttmynda en áhersla var þó lögð á að einhver saga væri sögð á 4 – 5 mínútum.

Tækniráð

Kennari: Sara Rós Sigurðardóttir

Nemendur læra helstu þætti ljósa- og hljóðvinnu. Notast er við ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skólanum. Mikilvægt er að nemendur sýni áhuga í tímum og séu sjálfstæðir í vinnubrögðum bæði í tímum og á viðburðum skóla og félagsmiðstöðvar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn. Gert er ráð fyrir að nemendur sjái um tæknimál á viðburðum skólans.

Útivist og fjallamennska

Kennari: Salóme Elín Ingólfssdóttir

Farið yfir mikilvæg atriði fyrir ferðamennsku og útivist. Námskeiðið er að hluta til úti og að hluta til fræðsla inni. Þá verður til dæmis kennd notkun áttavita og kortalestur, farið yfir gagnlega hnúta, öryggisbúnað og almennt öryggi á fjöllum. Áhrif veðurs verða könnuð auk þess sem fjallað verður um ferðanesti, útbúnað, rötun og umgengni við náttúruna. Farnar verða þrjár lengri vettvangsferðir. Námskeiðinu lýkur í nóvember þar sem nemendur verða búnir að vinna af sér í langferðum. Þeir sem ekki komast í langferðir þurfa að skila verkefnum í staðinn.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Fagteymi kennara

Íslenskuteymi

Teymið skipuðu: Auður Yngvadóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Magnúsína Laufey Harðardóttir, María Lárusdóttir og Róslaug Guðrún Agnarsdóttir.

Fundað var sex sinnum í vetur (á þriðjudögum).

Verkefni teymisins voru:

- Fagfundur íslenskuteymis þann 23. september þar sem ýmislegt var rætt.
- Dreginn var upp listi yfir ljóð til utanbókarlærdóms þar sem eru um þrjú ljóð sem hver árgangur á að læra upanbókar. Var listinn sendur á umsjónarkennara til að þeir gætu lagt fram tillögur að breytingum, það voru engar breytingar gerðar.
- Dagur íslenskrar tungu var á sunnudegi og var ákveðið að skólinn héldi upp á hann á mánudeginum eftir þann 17. nóvember.
- Stóra upplestrarkeppnin (7. bekkur)
- Spurningakeppnin Ég veit! var haldin í þriðja sinn, í samstarfi við Rannveigu á bókasafni.
- Fyrir dag íslenskrar tungu hvatti íslenskuteymið til fræðslu um Jónas Hallgrímsson og þá sérstaklega nýyrðasmíði hans. Teymið setti af stað nýyrðakeppni innan hvers stigs, ekkert varð úr því hjá yngsta stiginu. Íslenskuteymið tók við nýyrðum og völdu fimm bestu orðin á hvoru stigi, nemendur fengu svo að kjósa um besta orðið. Einnig var fólk hvatt til að leika sér með tungumálið.
- Verkefnið Orðatvenna, málsháttur og orðtak mánaðarins var í gangi allan veturinn.
- Ákveðið að setja reglulega inn á AVIA hugmyndir um hvernig hægt er að vinna markvisst með orðaforða, eitthvað fyrir öll stig.

Stóra og litla upplestrarkeppnirnar voru settar í Hömrum þann 17. nóvember á Degi íslenskrar tungu af skólastjóra. Teymið sá um að útvega dómara í bekkjarkeppnina og prenta út blöð fyrir dómarana. Bekkjarkeppnin var haldin 6. mars og dómarar voru: Rannveig Halldórsdóttir og Hlíf Guðmundsdóttir. Skólakeppnin var haldin 13. mars, Guðbjörg Halla Magnadóttir skólastjóri var kynnr. Gylfi Ólafsson, Rannveig Halldórsdóttir og Esther Ósk Arnórsdóttir voru dómarar. Lokakeppnin átti að fara fram í Bolungarvík þann 19. mars frestaðist til 7. Apríl.

Spurningakeppnin Ég veit! heppnaðist vel og var almenn ánægja með hana á meðal nemenda. Það er byrjað að leggja drög að næstu keppni sem verður í haust. Í verðlaun var farandbikarinn VITINN, ásamt bókaþöf frá Pennanum Eymundsson til sigurliðsins. Haldinn var fundur með miðstigskenndum til að fara yfir þeirra reynslu af keppninni og hvort halda ætti henni áfram. Niðurstaðan var að halda áfram með keppnina, útbúa skjal með hugmyndum um hvernig hægt er að vinna með bækurnar í skólanum til að styðja við lestur þeirra á undirbúningstímanum.

Einnig kom sú hugmynd að hafa litla undirbúningskeppni í 3. og 4. bekk þar sem væru tvær til þrjár litlar bækur lesnar, til að æfa þau lítilla fyrir miðstigskeppnina.

Upplýsingatækniteymi

Í teyminu voru: Sigþór Snorrason, Sara Rós Sigurðardóttir, Laufey Eypórsdóttir, Jelena Micic og Edda Magnúsdóttir.

Í vetur fundaði teymið mánaðarlega.

Á fundum vetrarins var meðal annars rætt um mikilvægi þess að efla og samræma upplýsingatæknikenndu innan skólans. Lögð var áhersla á að upplýsingatækni væri samþætt öðrum námsgreinum og að nemendur fengju markvissa þjálfun sem undirbýr þau bæði fyrir áframhaldandi nám og almennt líf og starf í nútímasamfélagi.

Teymið ræddi mikilvægi þess að hefja almenna ritvinnslu og upplýsingatæknikennslu fyrr í skólagöngunni, meðal annars með því að byrja markvisst með ritþjálfun, fingrasetningu og grunnfærni í notkun tölva á yngsta stigi. Hugmyndir komu fram um að byggja upp stigvaxandi hæfniviðmið milli árganga, til dæmis með áherslu á ritþjálfun í 2. bekk, innskráningar og skjalaskipulag í 3. bekk og ritvinnslu í Word frá og með 4. bekk.

Rætt var um mikilvægi þess að útbúa markvissa námskrá í upplýsingatækni sem kennarar gætu stutt sig við í kennslu. Teymið skoðaði meðal annars kennsluskrá frá Grunnskólanum í Bolungarvík og var vilji til þess að nýta hana til fyrirmyndar við áframhaldandi þróun upplýsingatæknikennslu í skólanum. Með skýrari námskrá væri hægt að samræma betur kennslu, auðvelda skipulagningu og styðja kennara í vinnu sinni með nemendum í upplýsingatækni.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að hafa fastan upplýsingatæknikennara sem tæki á móti bekkjum í tölvuveri í samstarfi við umsjónarkennara. Hugmyndir komu fram um hópaskiptingar hjá yngri nemendum þar sem hluti hóps væri í tölvuveri á meðan annar hópur ynni að bókasafns- eða heimildavinnu með starfsfólki bókasafns eða umsjónarkennara. Með slíku skipulagi væri hægt að hefja markvissari upplýsingatæknikennslu fyrr og nýta tölvuverið betur.

Teymið ræddi einnig tæknimál innan skólans, meðal annars lausnir við iPad-vandamálum og möguleika á kerfum sem gera kennurum kleift að fylgjast með skjám nemenda á Chromebook-tækjum. Þá voru tekin fyrstu skref í að kortleggja hvaða öpp og forrit væru notuð í hverjum árgangi með því að útbúa sameiginleg excel-skjöl fyrir kennara. Einnig var rætt um að útbúa lista yfir helstu vefsíður, öpp og lykilorð sem kennarar nýta í starfi sínu.

Á fundum var einnig rætt um að bæta aðstöðu og skipulag í tölvuveri skólans. Meðal annars komu fram hugmyndir um að breyta staðsetningu kennaratölvu til að bæta yfirsýn kennara yfir skjái nemenda. Einnig var rætt um að útbúa námsvegg í tölvuveri með algengum vandamálum og lausnum til stuðnings bæði nemendum og starfsfólki.

Í janúar skoðaði teymið meðal annars hugmyndir og nýjungar úr fésbókarhópnum Upplýsingatækni í skólastarfi til að leita leiða til að efla upplýsingatæknináms innan skólans. Þá var einnig rætt um stöðu tölvuversins þar sem það hafði um tíma legið niðri og áhrif þess á kennslu.

Helstu áherslur og tillögur upplýsingatækniteymisins fyrir næsta skólaár eru:

- Að hefja upplýsingatækni- og ritvinnslukennslu fyrr í skólagöngunni.
- Að útbúa markvissa námskrá í upplýsingatækni fyrir alla árganga.
- Að ráða fastan upplýsingatæknikennara sem starfar í samstarfi við umsjónarkennara.
- Að nýta tölvuverið betur með skipulagðri kennslu og mögulegri hópaskiptingu.
- Að bæta yfirsýn og vinnuaðstöðu í tölvuveri.
- Að útbúa námsvegg með algengum lausnum og leiðbeiningum.
- Að halda áfram vinnu við samræmingu á notkun forrita og upplýsingatæknilausna innan skólans.

Uppbyggingarteymi

Í teyminu sátu:

Ásdís Rún Ólafsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Iwona Maria Samson, Jóhanna Ása Einarsdóttir (hætti störfum um miðjan mars), Sóley Veturliðadóttir og Victoria Rose Germono De Vera.

Haldnir voru sjö fundir á skólaárinu.

Í byrjun hausts voru umsjónarkennarar hvattir til þess að vinna með mitt og þitt hlutverk í bekkjunum og í kjölfarið voru bekkjarsáttmálar gerðir. Teymið gekk tvívegis í umsjónarstofur og athugaði stöðu mála í hverjum bekk fyrir sig. Teknar voru myndir af hlutvekunum og farið var aftur síðar til að athuga hvort bekkjarsáttmálarnir væru komnir upp.

Guðlaug fór í heimsókn í Varmárskóla í Mosfellsbæ í janúar og fékk þar margar góðar hugmyndir og tók myndir sem hún deildi með teyminu.

Teymið fékk þá hugmynd að útvega stóra ramma til þess að setja inn plaköt eða ýmsan fróðleik tengdan uppbyggingarstefnunni. Rammarnir og plakötin eru komin í hús en ákveðið var að bíða með uppsetningu þar til á næstu skólári. Hægt verður að skipta efninu á auðveldan hátt út fyrir nýtt efni.

Teymið leggur til að eftirfarandi verði gert í upphafi næsta skólaárs:

- Minna á bekkjarsáttmála að hausti.
- Minna á vinnu með þarfirnar og hlutverkin.
- Ítreka síðan í framhaldinu verkefni árganganna en þau eru aðgengileg á sameign.
- Gæti verið gott að funda með leiðsagnarteymi því sumt sem teymin gera er jafnvel að skarast.
- Koma upp römmum með plakötum þar sem minnt er á uppbyggingastefnuna – muna að gera enn sýnilegra með skilaboðum til nemenda.....
- Koma upp öðrum fróðleik eins og til dæmis tilfinningaplakati.

Teymiskennsla

Fundur 14.október 2025

Hlutverk teymisins: Skoða skipulag teymiskennslu í skólanum, samræmingu og samfellu. Námsefni og uppsetningu. Ræddum þau atriði sem skipta máli í teymiskennslu. Tekið var mið af grein eftir Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur, Fjórar meginstoðir teymiskennslu.

<https://skolathraedir.is/2021/02/10/fjorar-meginstodir-teymiskennslu/>

Samvinna: skiptir máli svo að hlutirnir gangi sem best fyrir sig og það skiptir máli hvernig fólki er raðað saman í teymi. Kostir hvers og eins nýttir sem allra best.

- Skipulag: mikilvægt til að fólk geti skipt með sér verkum
- Stuðningur – stjórnendur eða aðrir í teyminu: afar mikilvægt að upplifa stuðning stjórnenda og ekki síður samstarfsfólks í teyminu, getur skipt sköpum í kennslustundum og einnig eftir þær, sér í lagi ef það koma upp mál sem þarf að gera upp
- Samræður: uppgjör á því sem liðið er og því sem er framundan. Þetta getur átt sér stað daglega eða fyrir/eftir ákveðin viðfangsefni í kennslunni
- Mikilvægt að námsefni sem er útbúið sé aðgengilegt fyrir aðra starfsmenn, sem koma til með að kenna efnið síðar.

11.nóvember 2025

Ræddum teymiskennslu í öðrum skólum, lásum eitt og annað til að fræðast meira um þetta. Gerðum google-forms könnun til að senda á alla kennara skólans. Bjuggum til spurningar og munum fara yfir niðurstöðurnar á næsta fundi.

Fundur 9.desember 2025

Fórum yfir niðurstöður könnunarinnar. Ákváðum eftir að hafa séð að fáir tóku þátt eftir að við sendum könnunina út í nóvember, að fá Ólöfu ritara til að senda öllum kennurum við skólann slóð á könnunina til að fá betri svör. Ræddum eitt af því sem getur verið stór hluti af teymiskennslu, verkefnabankar og verkefnalýsingar sem kennarar geta deilt sín á milli. Við vorum sammála um að það getur verið heldur snúið að finna verkefni og verkefnalýsingar inni á sameign GÍ. Sendum póst á skólastjórnendur og spurðum út í það hvort það væri hægt að fá einhvern frábæran til að taka til á sameiginni, gera möppur fyrir hvert stig, jafnvel möppu fyrir hvern árgang svo að það þurfi ekki að leita að

verkefnuminnan ára á sameigninni. Draumurinn er að það verði til verkefnabanki í skólanum sem kennarar hafa aðgang að, geti breytt og bætt eins og þeim hentar í hvert sinn.

Fundur 13.janúar 2026

Fórum yfir niðurstöður könnunar. Þar var margt athyglisvert, til dæmis rákum við augun í það að það eru ekki allir kennarar við skólann sem vita hvað teymiskennsla er.

Rifjuðum upp að hafa nefnt við stjórnendur að koma skipulagi á verkefni og gögn sem tengjast árgöngum. Ætlum að muna að fylgja því eftir og datt í hug að jafnvel væri hægt að nota einhvern hluta af starfsdegi í þetta verkefni.

Fundur 12.maí 2026

Síðasti fundur skólaársins fór í samantekt á því sem búið var að vinna í teyminu í vetur. Tókum saman niðurstöður könnunar sem gerð var á haustdögum og afhentum stjórnendum. Það er alveg ljóst að umræðan um teymiskennslu á rétt á sér og er virkilega þörf, því sýn kennara á viðfangsefnið er ólík, eins og niðurstöður könnunar gefa til kynna. Helstu niðurstöður eru gefnar hér neðst í skjalinu.

Rætt var á fundi fyrr á skólaárinu að auka aðgengi kennara að verkefnum og gögnum sem nú þegar eru til í samfélaginu okkar, Grunnskólanum á Ísafirði. Við fengum kynningu frá stærðfræðiteyminu fyrir einhverju síðan þar sem unnið hefur verið að því að taka saman verkefni og gögn sem tengjast hverju stigi og árgöngum. Það er ánægjulegt að aðgengi kennara að námsefni sé að verða betra og vonandi náum við að byggja upp góðan gagnagrunn hvað þetta varðar.

Læsisteymi

Í teyminu voru : Helga E. Aðalsteinsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir, Kristín Svanhildur Ólafsdóttir, Berglind Árnadóttir og Marzena Glodkowska.

Í vetur fundaði teymið mánaðarlega.

Við skoðuðum niðurstöður GÍ úr lesfimiprófi MMS í september og greindum þær og gerðum svo tillögur að úrbótum, við leggjum m.a. til að nýta betur sjónrænan orða og orðleysu prófin, sérstaklega þegar nemendur lesa mörg orð rangt. Við minnum fólk á að nýta Pals lestur a.m.k. tvisvar á skólaári. Við skoðuðum lestrarstefnu GÍ og Ísafjarðarbæjar. Við sáum að það þarf að uppfæra hana og það mætti samræma betur stefnu GÍ og Ísafjarðarbæjar. Þurfum við að hafa tvær stefnur eða er nóg að hafa eina?

Við stóðum fyrir lestrarátaki í desember þar sem keppt var í hvaða bekkur læsi flestar mínútur að meðaltali þann mánuð á hverju stigi. Pizzaveisla var í boði fyrir sigurvegara. Tilgangurinn var að auka heimalestur í desember og hvetja til að lesa heima í jólafríinu. Mesta þátttakan var á yngsta stigi en lítil þátttaka á unglinga stigi. Við lögðum til að lestrarskráningaráppið Læsi væri tekið upp og mæltist það vel fyrir og nú eiga allir nemendur að eiga kost á því að nota það. 1. mars var búið að stofna aðgang fyrir alla bekkir skólans. Við settum nýjar reglur um skráningu heimalesturs og útbjuggum einkunnarskala þess efnis. Markmiðið var að samræma skráningar í Mentor fyrir alla skólann og leggja áherslu á að heimalestur skiptir máli. Ákveðið var að næsta skólaár verður gefin einkunn fyrir



heimalestur Við hlustuðum á Hlaðvarp, námsvarpið 17. Þáttur Heimalestur, Auður Soffía Björgvinsdóttir. Við vorum með kynningu fyrir samstarfsfólk okkar á vinnu teymisins á fundartíma 5. febrúar. Við lögðum m.a. áherslu á mikilvægi nestist lestus og fengum Rannveigu Halldórs á bókasafninu að búa til möppu á sameign með tillögu að bókum fyrir nestislestur. Í framhaldi af þessu unnum við úr punktum frá kynningu sem varð að tillögu okkar að fyrr nefndum heimalesturs skráningum.

Kristín Svanhildur fékk Árnýju Herberts með sér í lið og þær voru með kynningu á K-Pals, G – Pals og Pals fyrir samkennara okkar í mars.í hverjum mánuði í Mentor og meðaltal úr því verði skráð á vitnisburðarblað að vori. Hætta á að skrá heimalestri ábótavant í Mentor. Helstu rök fyrir þessu eru:

- Lestur er eitt af fimm hæfniviðmiðum Aðalnámskrár í íslensku. <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024>
- Við erum að meta lestrarþjálfun nemenda sem er skylda samkvæmt heimanámsstefnu GÍ.
- Við vildum setja skýrari ramma fyrir heimalestur og það er verið að hvetja foreldra og nemendur til að sinna heimalestri betur.
- Lestrarþjálfun hefur dalað hjá of mörgum nemendum og hefur það neikvæð áhrif á lestrarfærni og allt nám.
- Gera heimalestur sýnilegri í skólastarfinu og undirstrika mikilvægi lesturs fyrir allt nám.
- Við erum að koma á meira samræmi innan skólans, þ.e. að allir kennarar séu með sömu kröfur og viðmið.
- Heimalestur er eina heimanámið sem er skylda í GÍ.
- 19.gr. Grunnskólaganna; Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.

Leiðsagnarnámsteymi

Teymið skipuðu: Jón Heimir Hreinsson, Ástrún Jakobsdóttir, Esther Ósk Arnórsdóttir, Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir og Árný Herbertsdóttir.

9.september:

Árný talað um námskeið sem hún sótti 19. ágúst í Keflavík, hún fékk að lauma sér á fyrirlestur John Morris sem er helsti gúrú um leiðsagnarnám. Við ræddum um hver staðan væri á leiðsagnarnámi í GÍ og ákváðum að lesa 9. kafla bókarinnar Leiðsagnarnám, eftir Nönnu Kristínu. Kaflinn fjallar um endurgjöf. Við ákváðum líka að reyna að heimsækja hvort annað í kennslu á þessu tímabili þar til næsti fundur verður þ. 14. okt.

14.október:

Við ræddum um endurgjöf sem er efni 7. kafla bókarinnar Leiðsagnarnám. Endurgjöfin er mjög mikilvæg og hana þarf að veita á meðan nemendur vinna verkefni sín. Þá er mikilvægt að hafa námsmarkmið og árangursviðmið skýr. Þörf er á að skýra endurgjöf vel fyrir nemendum og foreldrum svo allir gangi í takt.

Við horfðum á myndband um endurgjöf (Austins butterfly).

Við ætlum að ljúka umfjöllun um endurgjöfina á næsta fundi og fá yfirlit yfir ferðina til Englands sem Árný og Esther fara í, á fund John Morris og hans umræðasvæði í London.

Í september ákváðum við líka að reyna að heimsækja hvort annað í kennslu fram að næsta fundi sem var þ. 14. okt. Þessi hluti gekk ekki upp eftir því sem við komumst næst.

11.nóvember:

Við við héldum áfram að ræða um endurgjöf sem er efni 7. kafla bókarinnar Leiðsagnarnám. Endurgjöf er mikilvæg á meðan verið er að læra til að nemendur tileinki sér hana að fullu.

Esther og Árný sögðu frá Leiðsagnarnámsferðinni til Englands (17. -22. okt.). Það var lærdómsrík ferð og afar áhugavert að sjá hvernig kennarar nýttu sér aðferðir Leiðsagnarnáms og nemendur virtust áhugasamir og áfram um vinnu. Við horfðum á myndband um leiðir til að festa upplýsingar og endurkalla úr huganum. (Three principles and five strategies-Dylan William)

Við ætlum að ljúka umfjöllun um endurgjöfina á næsta fundi. Við lesum frá bls. 134 um Markmið og kaflann um þróunaráætlun.

24.nóvember:

Við fórum yfir glærur sem Árný hafði unnið fyrir kynningarfund á leiðsagnarnáminu og vinnu teymisins. Ákveðið var að Árný sæi um kynninguna en Esther (sem var í leyfi) sæi um þær glærur sem lúta að Englandsferðinni.

25. nóvember. Kennarafundur.

Á fundinum var þetta kynnt og unnið samkvæmt áætlun. Kennarar voru jafnvel áhugasamir um að líta inn hjá hver öðrum í kennslu en allir eru mjög uppteknir í sinni vinnu, kennslu og undirbúningi. Ákveðið var að teymið héldi áfram að skoða Endurgjöfina og síðan yrði séð til með hvernig áframhaldandi vinna með öllum kennurum verður.

9.desember:

Við fórum yfir lokablaðsíðurnar í kaflanum um endurgjöf. Við skoðuðum svolítið okkar eigin kennslu með tilliti til endurgjafar. Við vorum sammála um að endurgjöf væri best munnleg og sem fyrst fyrir nemendur. Einnig að framfarir nemenda gefa vísun um kennsluna og að kennslan þarf að byggja á framförum nemenda. Kennari hugar að því hvort nemendur hafi skilið og halda áfram miðað við árangur nemenda. Við ætlum að lesa kaflann um þróun leiðsagnarnáms fyrir næsta fund og sjá hvar okkar skóli er á þeirri leið og við sjálf sem kennarar.

13.janúar:

Núna byrjuðum við á kaflanum um þróunaráætlun. Við erum auðvitað löngu byrjuð á leiðsagnarnáminu og erum að skoða árangurinn og hvaða leið við höfum farið. Við náðum að tala um 1. tímabil, árangursviðmið. Við töluðum talsvert um hvert viðmið fyrir sig og skoðuðum okkur sjálf með tilliti til hvers og eins. Við vildum gjarnan sjá að allir kennarar skólans væru að fara yfir þetta og skoða kennsluna hjá sér miðað við leiðsagnarnámið. Svo gætu kennarar lesið hvern bókarhluta fyrir sig og fundið út hvað þeir vilja nota og hvað höfðar best til þeirra. Teymi með fimm manns dugar ekki til að aðferðirnar nái til allra kennara skólans. Ákveðið að hengja upp spjöld með uppörvunarorðum samræmd leiðsagnarnámi. Linda útbjó þau. Árný ætlar að heyra í Höllu um hópa með öllum kennurum. Við höldum áfram að skoða kaflann um þróunaráætlun.

14.apríl:

Við fengum alla kennara á fund og ræddum um mikilvægi þess að allir hefðu sambærilegan skilning á grundvallarhugmyndum um skólastarf að hætti leiðsagnarnáms. Á fundinum kom fram ánægja með að ræða saman og stefna í átt að leiðsagnarnámskennslu á sameiginlegum grunni. Umræður sköpuðust um spurningar á bls. 144 í nýju Leiðsagnarnámsbókinni og það var áhugi um áframhaldandi umræður en skipta hópnum upp í hvert skipti sem kennarar hittust. Núna ákvað teymið að halda áfram og fá annan fundartíma fyrir alla og ræða spurningar á bls. 145-146. Með það að markmiði að sjá hvað þarf að bæta og hvernig er hægt að finna samhljóm við að ná árangri í leiðsagnarnámskennslunni.

Við fengum spurningar um námsmat hjá Kjartani Pálssyni úr verkefni sem hann er að vinna fyrir HÍ, og vildum gjarnan hafa þær að leiðarljósi á fundi seinna.

Innra matsteymi

Teymið skipar: Helga Sigfríður Snorradóttir, Inga Bára Þórðardóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Solveig Edda Söebech Vilhjálmadóttir

Í samantekt og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 voru þessir þættir helstir:

- Aðgengi að upplýsingum er gott
- Símenntunardagar kennara eru nokkuð yfir landsmeðaltali
- Trú kennara á eigin getu hefur aukist og er aðeins yfir landsmeðaltali
- Ánægja með vinnuaðstöðu hefur aukist á milli ára
- Sjálfsálit nemenda, stjórn á eigin lífi og vellíðan hefur aðeins aukist
- Gæði kennslu eru góð

- Tækifæri til umbóta eru þessi helst:
- Námsárangur í íslensku og stærðfræði er aðeins undir landsmeðaltali
- Tíðni eineltis er yfir landsmeðaltali og greinilegt að nokkur mál eru ótilkynnt til skólans
- Nýting mótuneytis er 5% undir landsmeðaltali en hefur þó aukist á milli ára um 4,7%
- Þörf er á meiri stuðningi við kennara varðand erfið mál
- Þrautseigja nemenda er undir landsmeðaltali

Innra mat skólaársins 2025-2026 hefur veitt mikilvæga innsýn í starfsemi skólans og styrkt faglegan grundvöll ákvarðanatöku. Með markvissri gagnaöflun og greiningu hefur skapast traustur grundvöllur fyrir áframhaldandi þróun og umbætur. Skólinn mun áfram vinna samkvæmt langtímaáætlun innra mats og tryggja að niðurstöður matsins séu virkt verkfæri í daglegu starfi, stefnumótun og gæðastjórnun.

Á grundvelli niðurstaðna hefur verið mótuð umbótaáætlun sem tekur til þeirra þátta sem þarfnast frekari þróunar. Fyrir hvern umbótaþátt hafa verið skilgreind skýr markmið, ábyrgðaraðilar, tímarammi og mælikvarðar á árangur. Umbótaáætlunin verður innleidd á skólaárinu 2026-2027 og reglulega fylgt eftir af stjórnendum og gæðateymi. Framvinda verður metin með skipulögðum hætti og niðurstöður nýttar við endurskoðun næstu matsáætlunar.

Stærðfræðiteymi

Teymið skipuðu: Jón Hálfán Pétursson, Guðrún Ósk Ásmundsdóttir, Axel Sveinsson og Inga Fanney Pedersen.

Stærðfræðigeymsla var tekin í gegn, þ.e tekið til og endurraðað. Gömlu dóti hent sem teymið taldi að ekki hefði verið notað í mörg ár.

Hópa- og þemaverkefni á öllum stigum - kynning og skrásetja.

Stærðfræðiteymi var með kynningu fyrir kennara 28.apríl.

- Sameign kynnt fyrir kennurum. Teymið hefur unnið að því í vetur að færa allt efni tengt stærðfræðikennslu inn í eina möppu á sameign. T.d. bókaflokkar á öllum stigum, gátlista, próf og verkefni.
- Teymið skoraði á alla kennara að fara yfir matsferil og nýta hann til úrbóta næsta hausts.
- Einnig var lagt fyrir kennara einfalt stærðfræðiverkefni. Skoðuð var samfella í kennslu á öllum stigum út frá námsefni og námsþáttum. Skoðuð skjöl sem eru mögulega á sameign um námsþætti á hverju stigi.

Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði

Starfsemi bókasafnsins veturinn 2025-2026 var með hefðbundnu sniði. Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi. Nýja Gegnistölvukerfið Alma hefur nú verið í notkun í þrjú ár og komin ágætis reynsla á notkun þess.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir. Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til frágangs og undirbúnings fyrir notkun. Nemendur og kennarar fá aðstoð við skólabækur á haustin og vorin, að útvega bækurnar og skila síðan á rétta staði. Námsbókageymslur skólans eru á okkar ábyrgð. Við tökum þar til, röðum og fjarlægjum ónýtar bækur. Starfsmenn skólasafnsins sjá um talningu á námsbókum á hverju vori. Skil á lestrarbókum af skólabókasafninu mættu vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Heimilda- og verkefnavinna, í tölvum, fer fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Í vetur reyndum við einnig sérstaklega að stilla upp bókum til að vekja áhuga unglinga á lestri. Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Töluvert er um að starfsfólk skólabókasafns fái bækur í millisafnaláni fyrir kennara og er það ómetanlegur stuðningur við skólabókasafnið. Einnig erum við að lána gögn á Bæjarbókasafnið, Menntaskólann, aðra grunnskóla í Ísafjarðarbæ og í Grunnskólann í Bolungarvík.

Skólasafnið er mikið nýtt vegna forfalla verkgreinakennara og hefur starfið í vetur einkennst mikið af því.

Bókagjafir hafa verið nokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda. Í vetur hrinti foreldrafélag GÍ átaki af stað í samstarfi við Eymundsson um að gefa skólabókasafninu bækur. Eymundsson veitti 20% afslátt af þeim bókum sem keyptar voru. Bókasafnsfræðingur sér um innkaup og skráningu á bókum á safninu. Bókavörður sér um plöstun og viðgerðir á bókum.

Önnur störf eru unnin í sameiningu.

Opnunartími:

Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-14,

Starfsfólk í vetur:

Jónsís Sigurrós Einarisdóttir bókavörður

Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skóla-samfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Ráðið fundaði fjórum sinnum sinnum yfir veturinn. Helstu verkefni voru að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal, rekstraráætlun og skipulag næsta árs. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum og úrræðalisti GÍ.

Samstarf Grunnskólans á Ísafirði og leikskólana Tanga og Eyrarskjóls

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í verðandi 1. bekk komu í þrjár heimsóknir að vori. Í fyrstu heimsókninni skoðuðu þeir skólann með leikskólakennurunum sínum og stjórnendum GÍ. Í annarri heimsókninni fóru þeir í kennslustund með 1. bekk og í síðustu heimsókninni komu þeir í vorskóla þar sem þeir hittu verðandi kennarana sína og voru með þeim í ýmsum verkefnum í um það bil eina kennslustund. Nemendur á Tanga, hafa borðað hádegismat í mötuneyti grunnskólans á skólaárinu og eru því farin að þekkja það umhverfi og venjast því að koma inn í bygginguna. Heppnaðist það fyrirkomulag nokkuð vel. Undir lok skólaársins var svo haldinn skilafundur þar sem aðilar leikskólanna skiluðu upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga meðal annars að vera tækifæri til að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er einnig að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið, að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni, að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma og síðast en ekki síst til að meta þörf á fræðslu. Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér

verkum. Á þessu skólaári fóru viðtölin fram í mars og apríl og skiptu stjórnendur skólans viðtölunum á milli sín.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk, svo sem þjónustu skólasálfræðinga og talmeinafræðings. Túlkaþjónusta er keypt af ýmsum aðilum og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Ólöf Anna Benediktsdóttir, í 100 % starfi. Skrifstofa ritara er opin alla daga frá 7:45 til 15:45, nema á föstudögum til 14:00. Helstu verkefni á skrifstofunni hafa verið símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda og sér um skráningar í mötuneyti skólans. Einnig sér ritari um skjalavörslu samkvæmt persónuverndarlögum. Ritari hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda og eftir atvikum önnur verkefni frá stjórnendum skólans

Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Bílasmiðja SGB ehf: Tóku á móti nemanda í atvinnutengdu námi

Bílaverkstæði SB ehf: Tóku á móti nemanda í atvinnutengdu námi

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks. Tóku einnig á móti nemendum 10.bekkjar í starfskynningu

Byggðasafnið: Tóku á móti nemendum við verkefnavinnu

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölinu eftir að skóla lýkur. Íþrótta- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Edinborgarhúsið: List fyrir alla, Orri óstöðvandi, ásamt öðrum listviðburðum

Efla: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

FabLab: Kennsla fer fram í valgreinum á miðstigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðaþjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans, í sjúkraþjálfun á skólatíma.

Festa sjúkraþjálfun: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af Íþrótta- og tómstundanefnd bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingastigs þrjú kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés

söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendur skólans eru helstu gestir félagsmiðstöðvarinnar og skipuleggja starfið í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Sér um ýmsa viðburði fyrir nemendur.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatriðin í golfi í maí.

Gróandi: Nemendur grunnskólans gróðusetu plöntur í landi Gróanda.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur fundu um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Hafrannsóknarstofnun: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Hampiðjan: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis og kennaranema.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann alla daga vikunnar. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3. bekk í sveitaferð.

Hótel Logn: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

HSV: Rekur íþróttaskólinn sem er fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Húsið: Tók á móti nemendum 10. bekkjar í starfskynningu.

Icelandair/Isavia: Tóku á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Ísblikk: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Ísafjarðarhöfn: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum(árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu. Skólaslit GÍ fara einnig ávallt fram í kirkjunni. Yngsta sig fór á sýninguna Lítill saga úr orgelhúsi.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga á Suðureyri: 1. bekkur fór í heimsókn til Suðureyrar og skoðaði Íslandsögu, Klofning og Litla Klofning.

Ístækni: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahlálma.

Krullan: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Kvenfélagið Hvöt: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val á unglingastigi.

Lögreglustöðin: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. bekk og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: Mí býður 10. bekkingum í námskynningu.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 2. og 5. bekkur hafa farið mörg undanfarin ár í safnið og unnið verkefni.

Nettó: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Orkubú Vestfjarða: Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í Mjósund og nemendur í 6. bekk fóru í heimsókn í Mjósund á vordögum. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Penninn: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Rauði kross Íslands: bauð nemendum 10.bekkjar upp á námskeið í skyndihjálp.

Rótarýklúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Rörás: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar: Nemendur í 8.-10. bekk fengu kynningu á leikjadegi að vori.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrótafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum.

Snjóflóðasetrið á Ísafirði: Nemendur í útivist á unglingastigi fengu heimsókn frá starfsmanni snjóflóðasetursins sem fræddi þau um snjóflóð og leyfði þeim að æfa sig í notkun snjóflóðayla.

Sólborg: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Stöðin heilsurækt: Gáfu viðurkenningu fyrir tvo nemendur 10. bekkjar á skólaslitum.

Tangi: Grunnskólinn og leikskólinn hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Leikskólabörnum er boðið í skólaheimsóknir. Leikskólabörnin komu einnig í hádegismat í mötuneyti skólans alla daga skólaársins, frá 11:40-12:00.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Nemendur á unglingastigi geta fengið nám við Tí metið sem val við skólann. Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir.

Veðurstofan: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Vestfirskir Verktakar: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu. Tóku á móti nemendum í atvinnutengdu námi.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Vesturafl: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.